









# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ**
19. júlí 2014
168. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## FÉKK STING Í HJARTAÐ ÞEGAR ÉG SÁ PABBA

**Aron Jóhannsson segir frá magnaðri upplifun sinni af HM í Brasilíu og framtíðaráformum sínum með bandaríska landsliðinu.** ▶ 16

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**FLJÚGANDI SÖNGKONA**
Rósa Birgitta Ísfeld lætur gamlan draum rætast og skellir sér í flugnám í haust. ▶12



**Kolbrún Anna Björnsdóttir og Vala Þórsdóttir**
**SKRIFUÐU BÓK SAMAN Í GEGNUM SKYPE** ▶42



**GUNNAR NELSON BERST Í KVÖLD Í DUBLIN** ▶36











# FRÉTTIR

## GLEÐIFRÉTTIN



### Smalaði hundrað hrossum á flugvél

Magnúsi Víkingi Grímssyni tókst að smala úr lofti um hundrað hrossum, sem sloppið höfðu úr gerði í óbyggðum fyrir rúmum tveimur vikum, inn í gerði á Svínárnesi. Magnús kvaðst hafa verið feginn að vera einn á ferð í flugvélinni því hver sem er hefði orðið flugveikur eftir hringbunurnar sem hann fór. Sagðist hann sjálfur hafa verið orðinn ringlaður.

## FIMM Í FRÉTTUM ÍSLENDINGAR UMBURÐARLYNDIR



Fulltrúar í minnihlutanum í Árborg segja að mánaðarlaun **Ástu Stefánsdóttur** bæjarstjóra nemi 1,6 milljónum á mánuði. Þeir segja launin taktlaus.



**Helgi Hrafn Gunnarsson** pírati stýrir nefnd sem á að móta tillögur um réttindi vímuefnaneytenda í stað þess að refsa þeim.



Tónlistarkonan **Elín Ey** segir að Íslendingar séu alltaf að verða umburðarlyndari. Íslendingar standi framarlega í málefnum samkynhneigðra.



**Halldór S. Guðbergsson** segir að heilbrigðisráðherra hafi hækkað álögur á veikt fólk í skjóli sumarfría.



➜ Það kom **Ragnheiði Elínu Árnadóttur** ekki á óvart að sýslumaðurinn á Húsavík skyldi samþykkja lögbannskröfu á gjaldtöku við Kröflu og við hverina austan Námaskarðs.

## VIKAN 11.7.–18.7.2014

**LAUGARDAGUR Mega ekki kynna íþróttir** Framkvæmdastjóri Íþróttafélags Reykjavíkur vill fá að kynna íþróttir í skólum en það hefur verið bannað.

**SUNNUDAGUR Þjóðverjar heimsins bestir** Þjóðverjar urðu heimsmeistarar í fótbolta í fjórða sinn eftir vítaspyrnukeppni gegn Argentínu.

**MÁNUDAGUR Fleiri afpláni heima** Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, segir góða reynslu af því að leyfa fólki að afplána heima. Hann vill frekari rýmkun úrræðisins.

**PRIÐJUDAGUR Eldur í bílum** Að kvöldi þriðjudags kviknaði í bílum við Hamraborg í Kópavogi. Svartan reyk og lykt af brennandi gúmmíi lagði yfir Hamraborgina.

**MIÐVIKUDAGUR Stutt vopnahlé milli Ísraels og Palestínu** Báðir aðilar í átökum Ísraels og Palestínu féllust á 5 stunda vopnahlé til að koma mætti nauðþurftum til íbúa á Gasasvæðinu. Þá höfðu nær 230 Palestínumenn látið lífið.



**FIMMTUDAGUR Gamla bíó verður sem fyrr** Guðvarður „Guffi“ Gíslason fer fyrir viðamiklum framkvæmdum í Gamla bíói. Til stendur að færa húsið í upprunalega mynd.



**FÖSTUDAGUR Til í sameiginlegt guðshús**

**„Ég held að það yrði alveg frábært. Það er góð leið til að kynnast og eyða fordómum.“**

Salmann Tamimi, forstöðumaður Félags múslima á Íslandi, tekur vel í hugmyndir um sameiginlegt guðshús kristinna manna, gyðinga og múslima. ▶ SÍÐA 6



**DUGNAÐUR** Atorkusemi skilaði nemunum góðum dómum í keppninni. „Dómarar sögðu að bíllinn okkar væri einn af tuttugu flottustu í keppninni,“ segir Ragnheiður Björk, liðsmaður Team Spark. MYND/JÓHANN ODDUR

# Formúluliðið frá HÍ var valið besti nýliðinn í ár

**Rúmlega þrjátíu nemar í verkfræði við Háskóla Íslands héldu utan um síðustu helgi til að keppa í smíði besta kappakstursbílsins. Liðsmaður segir góðan árangur liðsins uppskeru mikillar vinnu.**

**FÓLK** „Þetta var mjög strembin og erfið keppni. Tók virkilega á geðheilsu og líkamlega heilsu manna. En var algjörlega þess virði,“ segir Ragnheiður Björk Halldórsdóttir, liðsmaður í rúmlega þrjátíu manna liði verkfræðinema úr Háskóla Íslands sem hélt út til Englands síðastliðna helgi til þess að taka þátt í keppninni Formula Student.

Keppnin snýst um að nemar setji saman eins manns rafknúinn kappakstursbíl.

Íslenska liðið, Team Spark, náði undraverðum árangri og fékk verðlaun sem besti nýliðinn í keppninni í fyrsta flokki. 103 bílar úr rúmlega 130 liðum alls frá 38 löndum tóku þátt. Þar af voru tuttugu til þrjátíu nýliðar að sögn Ragnheiðar. Liðin keppast um að klára lokaáfanga keppninnar en þar fær bíllinn að aka á kappakstursbraut. Fyrst þurfa bílarnir að standast ströng öryggispróf.

„Það eru tæplega 50 prósent liða sem komast í gegnum öryggispróf,“ segir Ragnheiður. „Þessi próf eru svo óbærilega flókin og nákvæm.“ Aðeins 25 prósent liða komast síðan í lokaáfangann. Íslenska liðið var aðeins hársbreidd frá því að ná á þennan lokahluta en stóðst nær öll öryggisprófin.

„Við féllum á tíma en við komumst engu að síður miklu lengra en við þorðum að gera ráð fyrir.“ Gríðarleg vinna liggur á bak við góðan árangur liðsins. Liðsmenn vöknuðu klukkan sex að morgni alla daga keppninnar, unnu í bílnum allan daginn þangað til þeim var hent út úr bílskúrnum klukkan ellefu að kvöldi.

Hópurinn vakti athygli í kynningum á bílnum. „Við vorum sérstaklega nefnd í verðlaunaafhendingunni fyrir óvænta en skemmtilega nálgun á sjálfbærni.“ Aukin áhersla hefur verið lögð á sjálfbærni í keppninni á undanförnum árum. „Við vorum eina liðið í ár sem fékk fullt hús stiga fyrir sjálfbærni,“ útskýrir Ragnheiður. „Íslenskt samfélag er þekkt fyrir endurnýjanlega orku og þaðan kemur þessi hugsun hjá okkur með sjálfbærnina.“ Hún segir að hópurinn sé þegar farinn að huga að næsta ári.

nanna@frettabladid.is



**„Íslenskt samfélag er þekkt fyrir endurnýjanlega orku og þaðan kemur þessi hugsun hjá okkur með sjálfbærnina.**

*Ragnheiður Björk Halldórsdóttir, verkfræðinemi við Háskóla Íslands.*




Fulltrúar erlends lífeyristryggingafyrirtækis íhuga stöðu sína vegna haftanna:

# Skoða að rifta samningum

**VIÐSKIPTI** Stjórnendur tryggingafyrirtækisins Friends Provident, sem þúsundir Íslendinga eru í viðskiptum við, hafa íhugað að rifta öllum lífeyristryggingasamningum gerðum eftir 28. nóvember 2008 og endurgreiða iðgjöld, vegna ákvörðunar Seðlabankans um að stöðva sparnað á grundvelli samninganna.

Sem kunnugt er hefur Seðlabankinn stöðvað sparnað Íslendinga í erlendum gjaldeyri hjá fyrirtækjum eins og Allianz, Friends Provident og Bayern-Versicherung þar sem bankinn telur að samningar um sparnaðinn gangi í berhögg við gjaldeyrishöftin.

Fulltrúar frá tryggingafyrirtækinu Friends Provident eru á Íslandi og funduðu í dag með starfsmönnum Seðlabankans vegna lífeyristryggingasamninga sem Seðlabankinn telur ólöglega. Milljarðahagsmunir eru í húfi fyrir fyrirtækið vegna viðskiptavina þess hér á landi sem munu ekki geta greitt inn á samningana vegna túlkunar Seðlabankans á lögum um gjaldeyrismál.

Óánægja tryggingamiðlara og hinna erlendu fyrirtækja, Allianz, Friends Provident og Bayern-Versicherung, er ekki síst til komin vegna upplýsinga sem þau fengu frá Seðlabankanum á fyrri stigum.

Starfsmaður gjaldeyriseftirlits Seðlabankans hafði áður sagt að greiðslur vegna eingreiðslulíftrygginga væru undanþegnar gjaldeyrishöftum. - þþ



**MÁR GUÐMUNDSSON** Seðlabankastjóri segir að Seðlabankinn vinni að lausn sem eigi að tryggja hagsmuni allra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




## Nýr Volkswagen Polo.

**Volkswagen Polo** er kominn til landsins með nýtt útlit, nýja vél og nýja skiptingu. Hann er eyðslugrennri, hærri, kraftmeiri, öruggari og umhverfisvænni. Polo býður nú líka upp á tækni eins og Bluetooth búnað fyrir síma, Start/Stop búnað, stöðugleikastýringu, frítt í stæði og brekkuvara sem aðstoðar þig við að taka af stað í brekku. Sportlegar línur, fáguð smáatriði og glæsilegt útlit grípur athyglina í umferðinni. Fjölbreytileg og hugvitsamlega hönnuð smáatriði vekja hrifningu: Það er greinilega allt á réttum stað í nýjum Polo.

**Volkswagen Polo kostar frá:**

**2.590.000 kr.***

Opið í dag klukkan 12-16.

Das Auto.

*Polo Trendline, 1.0 MPI, 5 gíra beinskiptur, 75 hestöfl.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## 12.07.2014 → 18.07.2014



**1.700** manns sóttu útifund á Lækjartorgi síðastliðinn mánudag þar sem mótmælt var árásum Ísraels á Palestínumenn á Gasa.

**80** milljónir króna renna til framkvæmdastjóra Árborgar í formi launagreiðslna á fjórum árum. Minnihlutinn í sveitarstjórn segir mánaðarlaunin nema 1,6 milljónum.

**575.000** krónur fengust í styrktarsölu Bláa naglans á áritaðri treyju brasilísku fótboltastjörnunnar Pele til Hópbíla í byrjun vikunnar.






**20%** aukning hefur orðið á sölu bólgueyðandi verkjalyfja síðastliðinn áratug. Á sama tíma hefur tíðni blæðinga í meltingarvegi aukist um 47 prósent.



**5** ár eru þar til kemur að frekari stækkun Evrópusambandsins, samkvæmt því sem Jean-Claude Juncker, nýkjörinn forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sagði í ræðu á Evrópuþinginu í vikunni.



**1-0**
**SIGUR**



gegn Argentínu tryggði Þjóðverjum heimsmeistaratitilinn í knattspyrnu síðastliðinn sunnudag.

**298** fórust þegar farþegaþota Malaysian Airlines, MH17, var skotin niður yfir Úkraínu á fimmtudag. Fimmtán voru í áhöfn og farþegar 283, þar af þrjú ungbörn.




# Spjótin beinast nú að Rússlandi

Bandaríkjaforseti segir ábyrgð Rússa mikla á að ekki hafi tekist að koma á friði í Úkraínu. Kallar eftir ákveðnum skrefum í friðarátt og boðar samráð þjóðarleiðtoga um næstu skref. Úkraínumenn segja aðskilnaðarsinna studda af Rússum ábyrga fyrir árásinni á þotu Malaysia Airlines.

**FRÉTTASKÝRING**

**Óli Kristján Ármannsson**
olikr@frettabladid.is



Árásin á vél Malaysia Airlines

Vaxandi þrýstingur er á Rússa að liðka fyrir friði í Úkraínu eftir að aðskilnaðarsinnar þar skutu niður Boeing 777 farþegaþotu Malaysia Airlines á fimmtudag.

Á blaðamannafundi vegna atburðanna, sem Barack Obama Bandaríkjaforseti hélt í Hvíta húsinu í Bandaríkjunum síðdegis í gær, áréttaði hann nauðsyn þess að koma á vopnahléi í landinu. Hann sagði Vladimír Pútín Rússlandsforseta mest vald hafa á þróun átakanna í Úkraínu.

„Ég verð á næstu stundum og dögum í sambandi við leiðtoga heims um hvernig best sé að bregðast við þessum harmleik,“ sagði Obama. „Við ætlum að sjá til þess að sannleikurinn komi fram.“

Um leið kom fram í máli forsetan að auknar vísbendingar væru um að eldflaugaárásin á þotuna hefði komið frá svæði undir stjórn aðskilnaðarsinna í austanverðri Úkraínu. Aðskilnaðarsinna sem notið hefðu stuðnings Rússa.

„Og Rússland hefur neitað að taka þau skref sem nauðsynleg eru til þess að friður og öryggi komist á ný á í Úkraínu,“ sagði Obama sem kvaðst hafa rætt við Pútín Rússlandsforseta deginum áður og meðal annars rætt refsiaðgerðir á hendur Rússlandi á meðan ekki yrðu tekin raunhæf skref til að koma á friði.

### Öryggisráðið fundaði

Á fundi Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna í gær vógu sendiherrar Bretlands og Bandaríkjanna líka hart að Rússum og sökuðu þá um að kynda undir átökum í Úkraínu. Líkt og Bandaríkjaforseti í ræðu sinni fóru sendiherrarnir yfir hvernig aðskilnaðarsinnum hefði tekist að skjóta niður flugvélar frá úkraínska hernum á síðustu dögum.

„Rússland getur endað þetta stríð. Rússland verður að binda enda á þetta stríð,“ sagði Samantha Power, sendiherra Bandaríkjanna, á fundi öryggisráðsins. Hún sagði líka að Bandaríkin hefðu ekki vitneskju um að Úkraínuher hefði búnað á svæðinu, sem hægt væri að nota til að skjóta niður flugvélina. Hún sagði jafnframt ólíklegt að aðskilnaðarsinnar hefðu getað beitt slíku tæki án tæknilegrar hjálpar frá Rússum.

Mark Lyall, sendiherra Bretlands, sagði að öryggisráðið yrði að gera meira en að gefa út tilkynningu. Krefjast þyrfti þess að vopn yrðu lögð niður.

Fyrr í gær hvatti Vladimír Pútín Rússlandsforseti jafnt úkraínska stjórnarherinn sem aðskilnaðarsinna í austurhluta Úkraínu til að leggja niður vopn og hefja friðarviðræður. „Það verður að koma á friði í Úkraínu eins fljótt og auðið er,“ sagði hann og kvaðst hafa miklar áhyggjur af atburðunum í Úkraínu. „Þetta er skelfilegt. Þetta er harmleikur,“ segir í frétt RTE.

Angela Merkel Þýskalandskanslari sagði að rússnesk stjórnvöld yrðu að leggja sitt af mörkum til að flýta friðarferlinu í Úkraínu. Kvað hún vopnahlé nauðsynlegt til að hægt væri að rannsaka árásina á vél Malaysia Airlines.

### Hörmung í hollenskri flugsögu

Þá sagði Maerk Rutte, forsætisráðherra Hollands, í gær að árásin á farþegaþotuna væri mesta hörmung flugsögunnar sem dunið hefði yfir hollensku þjóðina. Flestir þeirra sem fórust með flugvélinni voru Hollendingar, eða 154. Hann sagði hollensk stjórnvöld krefjast nákvæmrar rannsóknar á hrapi flugvélarinnar og ef í ljós kæmi að um vísvitandi verknað væri að ræða yrði að draga þá til ábyrgðar sem staðið hefðu að verknaðinum.

Enn hefur þó enginn gengist við því að hafa skotið á malasísku þotuna. Arsenij Jatsenjúk, forsætisráðherra Úkraínu, fullyrti hins vegar á blaðamannafundi í gærmorgun að rússneskir hryðjuverkamenn bæru ábyrgð á verknaðinum. Hann hvatti ríkisstjórnir allra landa sem málið snerti til að vinna með Úkraínumönnum í „að koma þeim drullusokkum sem sem frömdu þennan glæp fyrir dóm“. Um væri að ræða glæp gegn mannkyninu og með honum hefði verið „farið yfir öll strik“. Rússar vísa hins vegar allri ábyrgð á hendur Úkraínumönnum sem hefðu með nýjustu árásum sínum í austurhluta landsins æst upp átök á svæðinu.

### Hljóðupptökur vekja grun

Leyniþjónustan í Úkraínu hefur birt hljóðupptökur af tveimur símtölum, annars vegar á milli leiðtoga uppreisnarmanna og rússnesks leyniþjónustumanns og hins vegar á milli tveggja uppreisnarmanna þar sem talað er um að skotið hafi verið á flugvélina. Ekki hefur þó verið sannreynt að upptökurnar séu af samtölum þessara manna.

**-óká, hmp, skó, aí**



**HRYLLINGUR Á SÓLBLÓMAAKRI** Kona gengur fram hjá líki vöfðu í plast nærri staðnum þar sem Boeing 777 farþegaþota Malaysia-flugfélagsins kom niður nærri þorpinu Rozsypne í austurhluta Úkraínu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### → Sakaðir um að hindra rannsókn

Um þrjátíu sérfræðingar frá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) hófu rannsókn á braki vélarinnar í gærkvöldi. Talsmaður stofnunarinnar segir að fyrsti hópurinn sem mætti á staðinn hafi mætt fjandskap af hálfu vopnaðra aðskilnaðarsinna sem sem ráða ríkjum á svæðinu.

Michael Bociurkiw, talsmaður rannsóknarliða ÖSE, sagði við CNN að þeim hefði verið meinaður aðgangur að stórum hluta svæðisins í kringum brakið. „Við munum snúa aftur á morgun og dagana eftir það,“ segir hann í viðtali við The Guardian. Nauðsynlegt sé að hraða rannsókninni.




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 32° | Friedrichshafen | 31° | New York | 26° |
| Aþena | 31° | Gautaborg | 24° | Orlando | 32° |
| Basel | 31° | Kaupmannahöfn | 24° | Ósló | 26° |
| Berlín | 31° | Las Palmas | 25° | París | 30° |
| Billund | 25° | London | 29° | San Francisco | 20° |
| Frankfurt | 32° | Mallorca | 35° | Stokkhólmur | 23° |

**Á MORGUN** Hæg NA- eða A-læg átt.




**MÁNUDAGUR** Fremur hæg breytileg átt.




**SKIN OG SKÚRIR** lýsir helgarveðrinu ágætlega. Rigning eða skúrir víða í dag, sólarglætur um S- og N-vert landið á morgun en rigning A-lands. Hiti með ágætum, yfirleitt 10-20 stig og fremur hægur vindur. Dálítil væta í kortunum fyrir komandi viku.

**Vordís Eiríksdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is,
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# RÝMINGAR SALA

## Á SUMARVÖRUM

Allt að **50%** afsláttur

GARÐHÚSGÖGN 30%
FERÐAHÚSGÖGN 40%
SUMARBLÓM 20-50%
TRÉ OG RUNNAR 50%
TJÖLD 30%
GARÐLEIKFÖNG 40%
REIÐHJÓL 30%
REIÐHJÓLAHJÁLMAR 50%
BLÓMAÚTIPOTTAR 30%
GOSBRUNNAR 30%
FRÆ 30%
GARÐSTYTTUR 30%
OG ÓTAL MARGT FLEIRA



EINNIG ÚTSALA
Í MÖRGUM VÖRUFLOKKUM:

GARÐVERKFÆRI 20%
HEKKKLIPPUR 25%
CLABER GARÐVÖRUR 40%
KEÐJUSAGIR 25%
ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-50%
BÚSÁHÖLD 30-50%

OUTBACK

**GASGRILLIÐ FYLGIR!**

Ef þú kaupir pallaefni fyrir 100.000 kr. eða meira færðu Outback gasgrill í kaupbæti.




blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Afsláttur gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar.
Úrval af rýmingarsöluvörum getur verið misjafnt milli verslana.

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Báðar konurnar fundnar:

## Staðfest að líkið er af Ástu

**SLYS** Lík konu sem fannst síðastliðinn þriðjudag í Bleiksárgljúfri er af Ástu Stefánsdóttur, sem leitað hafði verið frá 10. júní síðastliðnum. Þetta staðfesti kennslanefnd ríkislögreglustjóra í gær.

Ásta og sambýliskona hennar, Pino Becerra Bolanos, týndust í sumarbústaðaferð í Fljótshlíð um hvítasunnuhelgina en lík Pino fannst í gljúfrinu fljótlega eftir að leit hófst. Réttarkrufning hefur farið fram en niðurstöðu hennar er beðið. - bá

Endurgerð verslunarhússins að Laugarvegi 66 er ekki samkvæmt gildandi deiliskipulagi Reykjavíkur:

# Borgin skipar fagurfræðilega fagnefnd

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Þetta mál varð til þess að borgin ákvað að setja á laggirnar fagurfræðilega fagnefnd en hlutverk hennar verður að fara yfir teikningar af húsum og gefa álit sitt á þeim,“ segir Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsnefndar Reykjavíkur.

Endurgerð hússins að Laugavegi 66 sem hefur verið breytt úr verslunarhúsnæði í hótel hefur vakið hörð viðbrögð.

Samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir verslun á þeim hluta jarðhæðar hússins sem snýr að götunni, þar eru hins vegar skyggðir gluggar sem ekki sést í gegnum og engin verslun. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi eiga verslanir að vera á 70 prósentum jarðhæða á Laugavegi en önnur þjónusta, svo sem veitinga- og kaffihús, á 30 prósentum jarðhæða.

Hjálmar segir að útlit og nýting Laugavegar 66 sé ekki sú sem lagt var upp með.

Það sé því nauðsynlegt að sérstök fagnefnd starfi á vegum borgarinnar svo menn verði búnir að gera sér grein fyrir hvernig hús líti út áður en þau eru byggð.

Hann segir að borgaryfirvöld eigi nú í viðræðum við þá sem endurbyggðu Laugaveg 66. Menn vilji fá skýringar á því af hverju það var ekki farið eftir þeim skilmálum sem höfðu verið settir.

Hjálmar segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort borgin fari fram á að húsinu verði breytt aftur til samræmis við gildandi skipulag. - jme



**EKKI Í SAMRÆMI** Á Laugavegi 66 ætti samkvæmt gildandi skipulagi að vera verslunarhúsnæði á jarðhæðinni en ekki skyggðir gluggar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ESB heiðrar íslenska hátíð:

## RIFF fær styrk

**MENNING** Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík (RIFF) hefur hlotið styrk frá Evrópusambandinu sem nemur tæplega tuttugu milljónum króna. RIFF var í hópi 38 evrópskra kvikmyndahátíða sem hlutu styrki að þessu sinni. - bá



**MIKIL VIÐURKENNING** Hrönn Marínósdóttir er stjórnandi RIFF. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Minningarsjóður Ölla

Tökum á móti umsóknum um íþróttastyrki úr Minningarsjóði Ölla

Sjóðurinn styrkir börn sem á þurfa að halda um æfingagjöld, æfingafatnað, ferðakostnað og ýmsan annan kostnað sem íþróttaiðkunn kann að hafa í för með sér.

Vinsamlega sendið umsóknir til Fjölskylduhjálpar Íslands á netfangið fjolskylduhjalp@simnet.is eða hringið í síma 892-9603

Fjölskylduhjálp Íslands







# Líst vel á sameiginlegt guðshús á moskulóð

Frábært að hafa kirkju, mosku og sýnagógu undir sama þaki. Byggingin gæti risið á moskulóðinni, segir Salmann Tamimi, forstöðumaður Félags múslíma. Biskup segir umræðu þörf á samráðsvettvangi trúarbragðanna áður en framkvæmt yrði.

**TRÚMÁL** Salmann Tamimi, forstöðumaður Félags múslima á Íslandi, getur vel hugsað sér sameiginlegt guðshús mismunandi trúfélaga á Íslandi eins og fyrirhugað er í Nacka utan við Stokkhólm í Svíþjóð. Þar er ráðgert að reisa sameiginlegt guðshús fyrir mótmælendur, kaþólikka og múslima. Reisa á þar kirkju og mosku með tengibyggingu á milli.

„Ég held að það yrði alveg frábært. Það er góð leið til að kynnast og eyða fordómum. Í slíku húsnæði gæti líka verið sýnagóga fyrir gyðinga. Við viðurkennum bæði kristindóm og gyðingdóm og ég bendi á að það er moska við hlið heilögustu kirkju kristinna manna í Jerúsalem, það er Grafarkirkjunnar.“

Salmann kveðst hafa fengið upphringingu fyrir nokkrum árum frá almennum borgara sem stakk upp á að moska yrði tengd kirkju hér á landi. „Mér fannst það stórsniðugt. En það væri líka hægt að reisa sameiginlegt guðshús á þeirri lóð sem við höfum fengið úthlutað. Svæðið er stórt.“

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, telur ef til vill heppilegra að byggja sameiginlegt guðshús frá grunni í stað þess að moska verði viðbót við einhverja sóknarkirkjuna. Hún tekur hins vegar fram að slík framkvæmd spretti ekki upp án undirbúnings og samtals.

„Samtal er alltaf gagnlegt og benda má á að undanfarin átta ár eða svo hefur verið starfandi samráðsvettvangur trúarbragðanna hvar í eiga sæti fulltrúar margra trúarbragða hér á landi. Þjóðkirkjan á tvo fulltrúa í þeim hópi. Ég myndi telja að þar ætti umræðan að fara fram áður en til framkvæmda kæmi.“

Biskup bendir á að ein kirkja í Reykjavík hafi sérstöðu varðandi athafnir fleiri trúarbragða en kristinna. „Það er Fossvogskirkja en hún rúmar allar útfarir, hverrar trúar sem fólkið er eða jafnvel trúlausra.“ ibs@frettabladid.is



**TRÚARRIT KRISTINNA** Biskup tekur vel í að byggt verði sameiginlegt guðshús. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### ➜ Varnarliðið reisti kapellu fyrir mörg og ólík trúarbrögð á Keflavíkurflugvelli

Árið 1985 lét varnarliðið byggja Kapellu ljóssins þar sem aðstaða var fyrir mörg og ólík trúarbrögð.

Kirkjulegir munir voru fjarlægðir þegar varnarliðið hélt á brott og kapellan afhelguð.

Þjóðkirkjan keypti húsið af Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar árið 2007. Til stóð að veita íbúum og öðrum kirkjulega þjónustu og tryggja aðstöðu fyrir trúarbragðastofnun. Hlutverk hennar átti að vera að vinna að rannsóknum og fræðslu, ekki síst til að auka skilning á mismunandi trúarbrögðum.

Keilir tók húsið á leigu en var leystur undan leigusamningi 2011 og hefur það staðið autt síðan. Kirkjuþing heimilaði sölu á húsinu árið 2010, að sögn Ragnhildar Benediktsdóttur, lögfræðings hjá Biskupsstofu.



**SALMANN TAMIMI**



**AGNES M. SIGURÐARDÓTTIR**

Nefnd um eignar- og afnotarétt fasteigna og jarða á Íslandi skilar tillögum:

# Standa þarf vörð um fullveldið

**STJÓRNSÝSLA** „Þótt meginsjónarmiðið sé frjálsræði og gegnsæi telur nefndin að tilteknar takmarkanir á möguleikum erlendra aðila utan EES til að öðlast réttindi yfir jarðnæði hér á landi geti verið réttlætanlegar og nauðsynlegar,“ segir nefnd um eignar- og afnotarétt fasteigna sem skilað hefur niðurstöðum til innanríkisráðherra.

Kveikjan að starfi nefndarinnar er áhugi Kínverjans Huangs Nubo á að eignast Grímsstaði á Fjöllum eða leigja jörðina til næstu áratuga. Nefndin segir flest ef ekki öll lönd hafa takmarkanir gagnvart fjárfestingum frá þriðju ríkjum.

„Að baki slíkum sjónarmiðum standa til dæmis viðhorf um mikilvægi þess að standa vörð um sjálfstæði eða fullveldi landsins og möguleika komandi kynslóða til að njóta arðs af auðlindum landsins til lengri framtíðar,“ segir í tillögum nefndarinnar sem vísar sérstaklega í vernd varðandi landbúnað og matvælaframleiðslu og mikilvægi umhverfisverndar og verndun menningar.

„Reyna má velta því upp hvort það sé þörf á setja einhverja takmörkun sem tæki til allra aðila óháð þjóðerni, á heimildum til að öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir miklu landflæmi. Væri til dæmis málefnalegt, með vísan til almannahagsmuna, að setja almenn takmörk á eignarhald eins aðila (einstaklings eða lögaðila) yfir fleiri þúsundum hektara?“ segir nefndin einnig í tillögum sínum sem nú verða unnar áfram í innanríkisráðuneytinu og atvinnuvegaráðuneytinu áður en þær verða ræddar í ríkisstjórn. -gar



**Á GRÍMSSTÖÐUM** Bragi Benediktsson í Grímstungu á Grímsstöðum tekur við gjöf úr hendi Huangs Nubo.



# SUMAR-MARKAÐUR
## ELLINGSEN

**ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR**

PIPAR\TBWA • SÍA • 141768



**DIDRIKSONS** THELMA KÁPA
Stærðir 36–46
**23.992 KR.**
FULLT VERÐ 29.990 KR.



**CAMPING** POTTASETT
9 stk.
**9.990 KR.**
FULLT VERÐ 18.990 KR.



**COLEMAN** LAKESIDE TJALD
4ra manna
**46.900 KR.**
FULLT VERÐ 69.990 KR.



**COLUMBIA** ÚTILEGUBORÐ
Hægt að nota á
6 mismunandi vegu
**9.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 17.990 KR.



**COLEMAN** CPX LED LJÓS
m/hengi
**4.490 KR.**
FULLT VERÐ 6.990 KR.



**VIKING** GÚMMÍSKÓR
Stærðir 37–47
**3.992 KR.**
VERÐ ÁÐUR 4.990 KR.



**PRIMUS** TJALDHITARI
2000–2500W
**8.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 13.990 KR.



**ÖLL KÆLIBOX 30% AFSLÁTTUR**



**CAMPINGAZ** GASGRILL
4 brennarar
**74.990 KR.**
FULLT VERÐ 119.990 KR.



**KAJAKAR 20% AFSLÁTTUR**



**COLUMBIA** DRAINMAKER GÖNGUSKÓR
Stærðir 37–48
**9.990 KR.**
FULLT VERÐ 19.990 KR.



**BERGANS** BARNASVEFNPOKI
1300 g, lengd 150 cm
**9.990 KR.**
FULLT VERÐ 14.990 KR.



**ALLEN** PAGOSE 1600 BAKPOKI
**5.495 KR.**
FULLT VERÐ 10.990 KR.



**BERKLEY** TASKA
m/4 boxum
**8.495 KR.**
FULLT VERÐ 16.990 KR.



**ÚTILEGUSTÓLAR MEÐ HÁU BAKI 30% AFSLÁTTUR**

**MERIDA** BIG SEVEN 40
Stærðir 13,5"–15"–17"–18,5"
**90.993 KR.**
FULLT VERÐ 129.990 KR.





**HARDY & GREYS STANGIR 50% AFSLÁTTUR**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA






**FJÖLDI SÆRÐRA** Hlúð að særðu palestínsku stúlkubarni en yfir tvö þúsund hafa særst á Gasa síðustu daga og yfir fjörutíu þúsund eru á vergangi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ban Ki-moon hyggst miðla málum í deilunni á Gasa:

# Tvöfalt fleiri á vergangi

**GASA** Ban Ki-moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, hyggst fara til Mið-Austurlanda til að miðla málum í deilunni á Gasa.

Líkur á vopnahléi virðast þó ekki miklar. Ísraelar segjast ekki ætla að láta staðar numið fyrr en búið er að eyðileggja gangakerfi Hamas-samtakanna undir landamæri Ísraels og Gasa auk þess að stöðva flugskeytaskot Hamas til Ísrael. Benjamin Netanyahu segir að Ísraelsher gæti farið mun lengra inn á Gasa.

Að minnsta kosti 24 Palestínumenn og einn Ísraeli hafa fallið frá því innrás Ísraela hófst á fimmtudag. Í heild hafa um 280 Palestínumenn og tveir Ísraelar týnt lífi síðan hernaðaraðgerðir hófust á Gasa fyrir ellefu dögum. Meirihluti hinna látnu er almennir borgarar.

Fjöldi Palestínumanna á vergangi hefur tvöfaldast síðan innrásin hófst á fimmtudag. Um fjörutíu þúsund Palestínumenn eru nú á vergangi á Gasa.

Ísraelskir ráðamenn búast við að innrásin geti staðið yfir í talsverðan tíma. „Við þurfum að klára það verk sem við hófum. Við þurfum að útrýma öllum hryðjuverkamönnunum. Það verður engin friðhelgi veitt,“ sagði Uri Ariel, ráðherra Ísraelska heimastjórnarflokksins.

Barack Obama Bandaríkjaforseti sagðist styðja rétt Ísraela til að verja sig: „Engin þjóð ætti að þurfa að sætta sig við að flugskeytum sé skotið inn á hennar land.“

Jeffrey Feltman, yfirmaður pólitískrar deildar Sameinuðu þjóðanna, sagði í gær að nauðsynlegt væri að alþjóðasamfélagið hæfi vinnu að tveggja ríkja lausn, þar sem bæði Palestína og Ísrael yrðu sjálfstæð ríki. -ih

SEÐLABANKI ÍSLANDS

## Seðlabanki Íslands
## Gjaldeyrisútboð

Seðlabanki Íslands mun halda þrjú gjaldeyrisútboð 2. september 2014. Útboðin þrjú eru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum, samanber áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011 (http://sedlabanki.is/afnam) og skilmála Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisviðskipti samkvæmt fjárfestingarleið að losun gjaldeyrishafta frá 18. nóvember 2011 með síðari breytingum (http://sedlabanki.is/fjarfesting).

**Útboð í fjárfestingarleið**
Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi. Lágmarksfjárhæð til þátttöku í útboðshluta fjárfestingarleiðarinnar eru EUR 25.000. Fjármálafyrirtæki sem gert hafa samstarfssamning við Seðlabanka Íslands um milligöngu munu annast framlagningu umsókna um fyrirhugaða þátttöku fjárfesta í útboðinu samkvæmt fjárfestingarleiðinni. Það útboð er opið fjárfestum sem hafa fengið samþykkta umsókn um þátttöku í fjárfestingarleið. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út í dagslok 12. ágúst n.k.

**Útboð í ríkisverðbréfaleið**
Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í flokknum RIKS 33 0321. Heildarmagn evra (útboðsfjárhæð) sem Seðlabankinn býðst til að kaupa verður að hámarki samsvarandi ISK 400 milljónum. Lágmarksfjárhæð til þátttöku í ríkisverðbréfaleiðinni eru EUR 10.000. Tilteknir aðalmiðlarar á skuldabréfamarkaði hafa milligöngu um viðskipti í útboðinu gegn greiðslu í ríkisverðbréfum.

**Útboð um kaup á krónum gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri**
Seðlabanki Íslands kallar eftir tilboðum frá aðilum sem vilja selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Viðskiptabönkum er boðið að hafa milligöngu um viðskiptin um kaup á íslenskum krónum í skiptum fyrir erlendan gjaldeyri.

Seðlabankinn áskilur sér rétt til að takmarka heildar viðskiptamagn með hliðsjón af áhrifum útboðanna á lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja. Endanleg útboðsfjárhæð ræðst af þátttöku. Útboðsfyrirkomulag er með þeim hætti að öll samþykkt tilboð bjóðast fjárfestum á sama verði (e. single price). Uppgjör viðskipta í útboðunum þremur verður 3 dögum eftir að útboði lýkur. Tilboðum skal skilað eigi síðar en 2. september 2014. Nánari lýsingu á framkvæmd útboðanna þriggja er að finna í útboðsskilmálum.

Útboðsskilmála og yfirlit um milligönguaðila, aðalmiðlara og viðskiptabanka má finna á heimasíðu Seðlabankans http://sedlabanki.is/utbod.

Nánari upplýsingar veita milligönguaðilar, aðalmiðlarar og viðskiptabankar.



NORDICPHOTOS/AFP

Uppfæra mat fyrir Ísland:

# Lánshæfishorfur orðnar jákvæðar

**EFNAHAGSMÁL** Matsfyrirtækið Standard & Poor’s hefur breytt horfum um lánshæfi ríkissjóðs úr stöðugum í jákvæðar.

Matsfyrirtækið býst við um þriggja prósenta hagvexti til 2017 auk þess að skuldahlutfall opinberra aðila lækki um 10 prósentustig í 61 prósent af landsframleiðslu.

Lánshæfiseinkunn ríkissjóðs er óbreytt og er BBB- fyrir langtímaskuldbindingar og A-3 fyrir skammtímaskuldbindingar.

Moody’s gaf fyrr í vikunni út óbreytt lánshæfismat. -ih



# AFMÆLISDÝNAN – *Reynir*

AFMÆLIS
AFSLÁTTUR
20
PRÓSENT

20
ÁRA AFMÆLI



Reynir Sigurðsson
stofnandi Betra Baks

# BETRA BAK

Í TILEFNI 20 ÁRA AFMÆLIS BETRA BAKS HÖFUM VIÐ FENGIÐ STÆRSTA OG EINN VIRTASTA DÝNUFRAMLEIÐANDA Í HEIMI **– SERTA –** TIL AÐ FRAMLEIÐA ALGJÖRLEGA EINSTAKA, SÉRHANNAÐA AFMÆLISDÝNU FYRIR OKKUR. DÝNAN ER NEFND EFTIR STOFNANDA FYRIRTÆKISINS REYNI SIGURÐSSYNI.




ANNIVERSARY EDITION
*Reynir*
SPECIALLY MADE FOR BETRA BAK BY Serta

**SERTA – REYNIR** heilsurúm

Verðdæmi 180x200 cm
með Classic botni

**Afmælistilboð Kr. 149.900**

Fullt verð 190.900

Fæst í stærðunum:
120/140/160/180 x 200 cm
og 192 x 203 cm

- Vandað 5 svæðaskipt pokagormakerfi. Minni hreyfing betri aðlögun.
- Steyptar kantstyrkingar.
- Hægt að endasnúa.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði.
- Þykkt 30 cm.
- Val um fleiri en eina gerð af botni.
- Val um nokkrar gerðir af löppum.

* með 3,5% lántökugjaldi og 340 kr. greiðslugj. pr. afb.

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga frá kl. 11-16

**Betra BAK**
**Leggur grunn að góðum degi**

Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Rússland ber þunga ábyrgð á harmleiknum í Úkraínu:

# Rússar ráða framhaldinu

Harmleikurinn í Austur-Úkraínu, þegar hátt í 300 saklausir borgarar fórust, gæti orðið vendipunktur í átökunum í landinu. Það hlýtur raunar að vera krafa umheimsins að nú verði tekið í taumana og ófriðurinn í Úkraínu stöðvaður.

Það er ein ríkisstjórn, raunar einn maður, sem hefur í hendi sér hvort það gerist. Það er Vladimír Pútín, forseti Rússlands.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Rússland hefur kynt undir átökunum í Úkraínu með öllum ráðum. Pútín hyggst hugsanlega ekki innlima austurhéruðin eins og hann gerði við Krímskaga, en markmið hans er að minnsta kosti að grafa undan stjórninni í Kænugarði og hegna úkraínskum stjórnvöldum fyrir að halla sér að Vesturlöndum í stað þess að beygja sig undir áhrifavald Rússa.

Það tekur raunar enginn mark á því þegar Rússar segja að örlög flugvélar Malaysian Airlines séu úkraínskum stjórnvöldum að kenna. Mjög margt bendir til að uppreisnarmenn, sem njóta stuðnings Rússa, hafi skotið flugvélina niður. Sennilega ekki viljandi – þeir héldu líklega í byrjun að þeir hefðu skotið niður flugvél úkraínskra stjórnvalda – en það breytir engu um alvöru málsins og mikilvægi þess að það verði rækilega upplýst.

Tali Rússa um að Úkraínustjórn beri ábyrgð á ófriðnum í landinu trúir enginn nema þeir sjálfir. Rússar hafa vopnað uppreisnarmennina og veitt þeim margvíslegan stuðning. Raunar eru engar líkur á að aðskilnaðarsinnarnir hefðu getað beitt vopnum eins og því sem að öllum líkindum grandaði farþegaþotunni nema með aðstoð frá Rússum. Rússnesk stjórnvöld bera þunga ábyrgð á því að 300 manns fórust, hvernig sem á málið er litið.

Rússland hefur, þrátt fyrir ítrekuð loforð, látið ónotuð margvísleg tækifæri til að stilla til friðar í Úkraínu. Vegna áframhaldandi stuðnings Rússa við uppreisnarmennina hafa bæði Bandaríkin og Evrópusambandið nú hert efnahagslegar refsiaðgerðir gegn Rússlandi. Það er til marks um afar sérkennilega forgangsröðun rússneskra stjórnvalda að þau skuli láta sér í léttu rúmi liggja hinn efnahagslega skaða sem hlýst af refsiaðgerðunum og halda áfram ótrauð útþenslu- og yfirgangsstefnu sinni gagnvart nágrannaríkjunum.

Rússland hefur í rauninni misst stefnu sína gagnvart Úkraínu úr böndunum. Árásin á farþegaþotuna þýðir að fjölmörg ríki munu gera enn skýrari kröfu en áður um að Rússland beiti sér til að binda enda á ófriðinn í landinu.

Pútín hefur nú lagt til að bæði uppreisnarmenn og úkraínski herinn leggi niður vopn og hefji friðarviðræður. Það er ekki nóg. Rússar verða að heita því – og standa við það – að hætta öllum stuðningi við aðskilnaðarsinna í Úkraínu. Þeir verða sömuleiðis að styðja óháða, alþjóðlega rannsókn á því hver beri ábyrgð á ódæðinu og standa að því að viðkomandi verði dregnir til ábyrgðar. Rússland getur ekki varpað ábyrgðinni yfir á neinn annan – rússnesk stjórnvöld geta ráðið því hvort þetta mál þróast með jákvæðum hætti eða fer á versta veg.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## SPOTTIÐ




## AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

# Fimm ára reglan

Nokkrar umræður hafa spunnist um þá ákvörðun fjármálaráðherra að auglýsa stöðu seðlabankastjóra eins og lög heimila á fimm ára fresti. Annars vegar hafa menn fjallað um þá spurningu hvað kunni að búa að baki þeirri ákvörðun. Hins vegar hafa birst skiptar skoðanir um skipun dómnefndar til að meta hæfi umsækjenda.

Bæði þessi álitaefni verðskulda rökræðu og eiga heima í þjóðmálaumræðunni. Sú tortryggni sem lesa má út úr umræðunni virðist eiga tvenns konar rætur:



Að einu leyti er hún sýnilega sprottin af vantraustsyfirlýsingum forsætisráðherra gagnvart Seðlabankanum fyrr á þessu ári. Að öðru leyti er hún vaxin úr jarðvegi óljósra bollalegginga af hálfu ríkisstjórnarinnar um að fjölga bankastjórum í þrjá eins og var á þeim tíma þegar eðlilegt þótti að tengja pólitíkina að hluta til yfirstjórn bankans. Í þessu samhengi er einnig rétt að hafa í huga að fjármálaráðherra hefur skipað nefnd til að endurskoða lögin um Seðlabankann.

Þegar vinstri stjórnin tók við 2009 var bankastjórunum, sem báru ábyrgð á strandsiglingu Seðlabankans 2008, vikið úr starfi með skipulagsbreytingum. Sjálfstæðisflokkurinn var hins vegar andvígur því að þeirri ábyrgð fylgdu afleiðingar. Stjórnskipulagi bankans var þá breytt í grundvallaratriðum. Engar breytingar voru þó gerðar á lögbundnu efnahagslegu hlutverki Seðlabankans og verðbólgumarkmiðinu sem sett var 2001 og allar ríkisstjórnir síðan hafa endurnýjað.

Þó að þessar breytingar hafi um margt reynst ágætlega verður að hafa í huga að þær voru ákveðnar við sérstakar aðstæður, í tímaþröng og án þeirrar breiðu samstöðu sem náðist um fyrri skipan mála. Í þessu ljósi er endurmat á gildandi löggjöf mjög eðlilegt. Reyndar er æskilegt að þess verði freistað að ná góðri sátt um hlutverk og skipulag þessarar lykilstofnunar í efnahagsbúskap þjóðarinnar.

# Spurning um sjálfstæði

Hér er ekki ætlunin að fjalla um þau sjónarmið sem fram hafa komið í umræðunni um auglýsinguna og hæfisnefndina. En umræðan gefur aftur á móti tilefni til að skoða lagaregluna sem þessi ákvörðun byggir á.

Fram til ársins 1996 voru embættismenn æviráðnir. Það þótti orðið úrelt fyrirkomulag. Það ár var því lögfest að embættismenn skyldu skipaðir til fimm ára og að sú skipun endurnýjaðist sjálfkrafa nema annað væri ákveðið. Í stórum dráttum hefur þetta fyrirkomulag gefist vel.

Eftir stjórnarskránni gat þessi breyting ekki náð til dómara. Það hefði beinlínis gengið í berhögg við sjálfstæði þeirra. Þegar ný lög voru sett um Seðlabankann 2001 þótti rétt með tilliti til sjálfstæðis hans að bankastjórnin skyldi skipuð til sjö ára og aðeins yrði heimilt að framlengja skipun einu sinni.

Með öðrum orðum: Nauðsynlegt þótti að finna fyrirkomulag varðandi yfirstjórn Seðlabankans sem væri einhvers staðar á milli almennu reglunnar um embættismenn og óhreifanleika dómara. Skipun til tíu eða tólf ára án framlengingarheimildar hefði getað þjónað sama tilgangi. Aðalatriðið er að með þessu var ætlað að verja sjálfstæði Seðlabankans umfram þær ríkisstofnanir sem lúta beinu boðvaldi ráðherra.

Þegar vinstri stjórnin breytti lögunum 2009 þótti henni ástæðulaust að virða þetta samspil skipunartíma og sjálfstæðis bankans sem allir voru sammála um átta árum áður. Færa má rök fyrir því að það hafi veikt sjálfstæði bankans um of. Það var því misráðin ráðstöfun og á ugglaust fremur skýringar í þeim flýti sem réði breytingunum en að það hafi beinlínis verið markmiðið. Um leið staðfestir þetta að endurskoðun laganna nú er réttmæt.

# Óvinsælar ákvarðanir og erfið ráðgjöf

Þó að breið samstaða sé um langtímamarkmið á sviði peningamála geta einstakar ráðstafanir til að ná þeim verið mikil áraun fyrir pólitíkina, jafnvel ofraun. Sjálfstæði seðlabanka auðveldar því lífið fyrir stjórnmálamenn og er um leið haldreipi fyrir peningalegan stöðugleika á tímum pólitísks óróa.

Svo talað sé tæpitungulaust er auðveldara fyrir sjálfstæðan seðlabanka en stjórnmálamenn að taka ákvarðanir sem eru til skamms tíma óvinsælar en nauðsynlegar. Að því virtu er eðlilegt að lögákveðinn skipunartími seðlabankastjórans verði lengdur. Fimm ára skipunartími er ekki næg vörn þannig að hann geti verið óháður skammtíma pólitískum sjónarmiðum.

Út frá almannahagsmunum er einnig íhugunarefni hvort ráðuneytisstjórar hafa nægjanlega sterka stöðu til þess að sinna lögbundnu ráðgjafahlutverki, þar á meðal aðvörunum þegar þannig stendur á. Þó að þeir eigi að sjálfsögðu ekki að ákvarða stefnu ráðuneytanna hvílir ábyrgðin á vandaðri stjórnsýslu á þeirra herðum. Vel er hugsanlegt að einnig þurfi að styrkja stöðu þeirra þótt ekki verði snúið aftur til úreltrar æviráðningar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*






lokadagar

# ÚTSALA

# 40-50%

afsláttur

af öllum vörum!

BOSS
HUGO BOSS

BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

herra
GARÐURINN
–klæðir þig vel

568 9234

544 2410



**Gunnar Lárus Hjálmarsson, Doktor Gunni, tónlistarmaður**

### Hangi líklega í rigningunni í bænum

„Ég hangi nú líklega bara í bænum í rigningunni nema ég skreppi í bíltúr, t.d. til meistaranna í Sólheimum, sem alltaf er æðislega gaman að heimsækja.“



**Salka Sól Eyfeld, söng- og dagskrárgerðarkona**

### MC-ast á Paloma

„Í dag er ég að fara í myndatöku fyrir plötuumslagið hjá Amaba Dama og í kvöld er ég að syngja með RVK Soundsystem á Paloma svona MC-ast eins og það kallast. Sunnudagurinn verður bara tekinn rólega.“



**Helgi Seljan, dagskrárgerðarmaður**

### Nýtur leiðsagnar dótturinnar

„Helginni ætla ég að eyða á hestbaki og njóta leiðsagnar dóttur minnar, stórknapans. Og hugsa í leiðinni sterkt til Bjössa míns og Hrefnu hans, sem ætla að láta pússa sig saman í dag í fjarveru minni. Sem verður jú einhver veislan maður.“



**Fanndís Friðriksdóttir, knattspyrnukona**

### Ánægjustundir í Eyjum

„Ég verð á árgangsmóti í Vestmannaeyjum um helgina. Í dag fer ég í ratleik og svo verður líklega hitað upp fyrir Þjóðhátíð. Það gæti líka verið að maður finni sér pláss fyrir Þjóðhátíð, fyrst maður er staddur í Eyjum.“

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



**Á TÓNLISTARHÁTÍÐINA** Engla og menn í Strandarkirkju í Selvogi klukkan 14.30 í dag. Fram koma feðgarnir Bragi Bergþórsson og Bergþór Pálsson ásamt Þóru Fríðu Sæmundsdóttur.



**Á PLÖTU** Grísalappalísu, Rökrétt framhald. Eitt það ferskasta í íslenskri samtímatónlist. Bætir hressir og kætir í rigningunni.

**SKÁLDSÖGUNA** Bragð af ást, hörkuspennandi og tilfinningaþrungna sögu frá Dorothy Koomson í þýðingu Höllu Sverrisdóttur. Matur, morð og ást hafa sjaldan blandast betur saman.




**Á THE CALL** á Stöð 2 klukkan 22.25 í kvöld. Spennumynd frá 2013 með Halle Berry og Abigail Breslin í aðalhlutverkum. Leikstjóri er Brad Anderson.



# Vonandi mætir sólin líka

**Rósa Birgitta Ísfeld, söngkona hljómsveitarinnar Sometime, er þekkt fyrir frumlegan klæðnað á tónleikum. Sometime kemur fram á Kexport Block Party í dag en í haust ætlar Rósa að skella sér í flugnám.**

**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is

Mér finnst það mjög skemmtilegur máti til að tjá sig að klæða sig í eitthvað flippað eða skemmtilegt,“ segir Rósa Birgitta Ísfeld, söngkona Sometime sem er ein þeirra hljómsveita sem koma fram á tónleikunum Kexport Block Party í dag. „Það verður líka að vera skemmtilegt fyrir augað að vera á tónleikum. Ég er einmitt á fullu núna að púsla saman átfitti fyrir Kexport-tónleikana.“

Rósa segir þó tímann sem fari í að velja klæðnað á tónleika hafa minnkað með árunum. „Þegar ég var að byrja þá var ég oft í brjáluðu stressi vikuna fyrir tónleika að reyna að redda einhverju til að vera í, fá vini til að hjálpa mér að sauma og svona. Núna er ég komin með góðan grunn af skemmtilegum hlutum og búningum sem ég hef sankað að mér í gegnum árin svo þetta er orðið minna stress. Það má þó alls ekki nota sama búninginn of oft, þá hættir þetta að vera spennandi.“

Rósa er í sumarfríi eins og er en í haust taka við spennandi hlutir sem hana hefur lengi dreymt um að koma í framkvæmd. „Ég ætla að skella mér í flugnám,“ segir hún skælbrosandi. „Ég byrja á að læra einkaflugmanninn og svo tek ég vonandi atvinnuflugmanninn í kjölfarið. Það er gamall draumur sem ég er að láta rætast núna. Kannski verð ég í framtíðinni eins og Bruce Dickinson í Iron Maiden og flýg túrvélinni sjálf þegar ég fer á langa túra.“ Spurð hvað hafi valdið því að hana langaði að fljúga segir Rósa: „Ég er dálítill adrenalínfíkill og ég held að það sé mikið kikk að stjórna flugvél. Ég hlakka æðislega til.“

Sometime vinnur nú að sinni þriðju plötu og á tónleikunum í dag fá áheyrendur að heyra lög af henni. „Við erum nýbúin að gefa út „single“ og erum á fullu í stúdíói að vinna plötuna,“ útskýrir Rósa. Hún segist ekki vita nákvæmlega hvenær Sometime stígur á svið í dag en tónleikarnir standa frá klukkan tólf á hádegi til miðnættis og hljómsveitirnar tólf koma fram með klukkutíma millibili. „Ég held samt að við séum frekar snemma svo ég hvet áhorfendur til að vera ekkert að hangsa við að drífa sig niður í Kexport. Vonandi mætir sólin líka.“



**RAUÐHETTA** Rósa leggur mikið upp úr flippuðum og skemmtilegum búningum á tónleikum og er alltaf að þróa stíl sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



MYND/ANTONÍA BERGÞÓRSDÓTTIR

**REYKJAVÍKURDÆTUR**

### ➜ Þessir koma fram á Kexporti

- 1860
- Atónal blús
- DIMMA
- Dj Flugvél & Geimskip
- Ghostigital
- kimono
- Kött Grá Pje
- Low Roar
- Mr. Silla
- Pétur Ben
- Reykjavíkurdætur
- Sometime

Tónleikarnir fara fram í portinu við Kex Hostel, hefjast klukkan 12 á hádegi og lýkur um miðnætti.

GOTT ÚRVAL AF NÝLEGUM GÆÐINGUM

Opið í dag frá kl. 12-16



VW Touareg V6 TDI
245 hö. Árgerð 2013, dísil
Ekinn 31.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
9.890.000,-



VW Passat Variant
Highl. TDI. Árgerð 2011, dísil
Ekinn 97.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
4.190.000,-



VW Tiguan Track&Style
2,0 TDI. Árgerð 2012, dísil
Ekinn 42.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
5.890.000,-



Land Rover Freelander II
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 142.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
2.990.000,-



Toyota Land Cruiser
150 GX. Árgerð 2012, dísil
Ekinn 44.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
8.480.000,-

Komdu og skoðaðu úrvalið!
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 12-16

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR



Íslandsbanka Appið

# Nú geturðu greitt reikningana í Appinu




**Við erum stöðugt að þróa Íslandsbanka Appið til að létta þér lífið í dagsins önn.**

- Hærri úttektarheimild í Hraðfærslum - Nýjung!
- Yfirlit og greiðsla ógreiddra reikninga - Nýjung!
- Yfirlit og staða reikninga
- Myntbreyta og gengi gjaldmiðla
- Vildartilboð Íslandsbanka
  og fjöldi annarra aðgerða.

Sæktu Íslandsbanka Appið á islandsbanki.is/app

islandsbanki.is    Netspjall    Sími 440 4000    Facebook

Íslandsbanki

ENNEMM / SÍA / NM63110



# FALLEGT OG ÞÆGILEGT

PASO DOBLE
**479.990**
FULLT VERÐ: 559.990

furninova

**PASO DOBLE** fjölskyldusófinn. Stærð: 374 x 252/152 H: 86 cm. Slitsterkt steingrátt áklæði úr 100% bómull.

## OREGON TUNGUSÓFI



**169.990**
FULLT VERÐ: 199.990

**OREGON** tungusófi
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 240 x 153 H:85 cm
Tunga getur verið beggja vegna

## UMBRIA TUNGUSÓFI



**UMBRIA** tungusófi XL.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 305 x 163 H:78 cm
Umbria er fáanlegur í ótal gerðum í leðri og áklæði.

**229.990**
FULLT VERÐ: 269.990

# NÝ OG FALLEG SMÁVARA – FY

iittala ALESSI by nord VIDIVI nuance



**VIDIVI EUFORIA GLASASETT.** Tvær stærðir. Verð: 9.990 / 10.990



**IITTALA SKÁLAR**
Verð frá: 3.990



6 STK
10.990

6 STK
10.990

6 STK
7.490

6 STK
10.990

**S&P GLÖS**

**VIDIVI EUFORIA VASI.**
Verð: 4.990





VID

**VIDIVI AMBROSIA VAS**
Verð: 6.990



**BY NORD PÚÐAR**
Verð: 21.990




**VESTA** 3ja sæta sófi. Stærð: 232 x 95 H: 71 cm. Slitsterkt steingrátt áklæði úr 100% bómull. Moon standlampi **VERÐ 79.990.** Laze sófaborð **VERÐ 109.990**

## **UMBRIA** HORNSÓFI MEÐ TUNGU



**359.990**
FULLT VERÐ: 419.990

**UMBRIA** Hornsófi með tungu.
Grafít-grátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 326 x 261 H:78 cm
Umbria er fáanlegur í ótal gerðum í leðri og áklæði.

## **OREGON** HORNSÓFI MEÐ TUNGU



**OEGON** hornsófi með tungu

**319.990**
FULLT VERÐ: 379.990

# ÝRIR LIFANDI HEIMILI

S.O.U.L
SPIRIT OF ULTIMATE LIFESTYLE

Rosti Mepal

broste COPENHAGEN

bodum

S&P Salt&Pepper



**POUL PAVA KÖKUDISKUR**
Verð: 7.490



**POUL PAVA KÖNNUR**
Verð: 2.145 STK.



**IVI AMARYLLIS VASI.**
Verð: 9.990



**VIDIVI KÖNNUR**
6.990



I.






**S&P MORTEL.**
Verð: 8.990

**&P MORTEL.**
Verð: 10.990

## **WOODY**
KOMINN AFTUR
Í ÖLLUM LITUM

**WOODY** borðstofustóll.
6 litir með hvíttuðum viðarlöppum.

**14.450**
FULLT VERÐ: 19.990



**HÚSGAGNAHÖLLIN**
REYKJAVÍK | AKUREYRI

G Dalsbraut 1 • Akureyri **OPIÐ** Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 **EITT SÍMANÚMER** 558 1100



**Á NÓG EFTIR** Aron Jóhannsson ætlar sér að fara á tvö heimsmeistaramót til viðbótar með liði Bandaríkjanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# EKKI LENGUR SVIKARINN

**Aron Jóhannsson** skráði nafn sitt í sögubækurnar í sumar þegar hann varð fyrsti Íslendingurinn til að spila í úrslitakeppni HM í knattspyrnu. Það gerði hann með bandaríska landsliðinu en í viðtali við Fréttablaðið gerir hann upp þátttöku sína á mótinu, segir frá baráttu sinni við ótímabær meiðsli í aðdraganda þess og háleitum markmiðum sínum fyrir landsliðsferil sinn vestanhafs.



## Fékk sting í hjartað þegar ég sá pabba

Aron segir að sér hafi þótt sérlega vænt um að hans nánustu hafi gert sér ferð alla leið til Brasilíu til að fylgja bandaríska liðinu eftir á HM og styðja sinn mann.

Fjölskylda Arons, sem og flestra leikmanna bandaríska liðsins, missti þó af leiknum gegn verðandi heimsmeisturum Þýskalands þar sem hún komst ekki á völlinn vegna úrhellisrigningar í Recife.

**„Ég man þegar ég sá fjölskylduna uppi í stúku í leiknum gegn Portúgal. Ég var að hita upp þegar ég sá hana fyrst og þá fékk ég smásting í hjartað. Sérstaklega gaman fannst mér að sjá pabba minn því hann hefur alltaf verið stuðningsmaður minn númer eitt.**

**Eiríkur Stefán Ásgeirsson**
eirikur@frettabladid.is



Grafarvogsbúinn Aron Jóhannsson hefur afrekað margt á þeim fjórum árum sem eru liðin frá því að hann yfirgaf Fjölni í 1. deildinni. Hann sló markamet í Danmörku, var seldur fyrir væna fúlgu til hollensks stórliðs og spilaði nú síðast með bandaríska landsliðinu á HM í Brasilíu. Ákvörðun Arons um að gefa fremur kost á sér í bandaríska liðið en það íslenska var umdeild, enda sonur íslenskra foreldra sem voru við nám vestanhafs þegar drengurinn kom í heiminn fyrir tæpum 24 árum. Ákvörðunin kann enn að þykja umdeild en flestir fylktu sér að baki kappanum þegar út í alvöruna var komið í Brasilíu.

Aron var á hækjum þegar ég hitti á hann við Fjölnisvöllinn í Grafarvogi – hans gamla heimavöll. Hann lagðist undir hnífinn í Hollandi á þriðjudag vegna ofvaxtar í ökklabeini sem þurfti að fjarlægja. Aðgerðin gekk vel en minnstu munaði að meiðslin hefðu kostað hann ferðina til Brasilíu.

„Ég byrjaði að finna fyrir ökklanum í mars eða apríl og varð sífellt verri eftir það. Læknarnir hjá AZ vissu hvað þurfti að gera en sögðu að ég gæti þraukað ef ég vildi spila áfram. En til að verða hundrað prósent var aðgerðin nauðsynleg,“ lýsir Aron. Forráðamenn AZ vildu eðlilega að Aron færi í aðgerðina strax að tímabilinu loknu en sýndu því mikinn skilning að hann hefði lítinn áhuga á að fórna því að taka þátt á HM.

Til að bæta gráu ofan á svart meiddist Aron í nára skömmu fyrir HM. Undirbúningur Jürgens Klinsmann landsliðsþjálfara fyrir HM var mjög strangur sem reyndist Aroni erfitt eftir langt tímabil í Hollandi. „Ég hafði spilað 50-60 leiki á tímabilinu og um tíma hélt ég að ég yrði sendur heim – að ég kæmist ekki í 23 manna lokahópinn. Ég fann fyrir miklum verk í náranum en var í raun smeykur við að kvarta of mikið undan honum og biðja um hvíld eða léttari æfingar,“ segir Aron en Klinsmann var með tvær til þrjár æfingar á hverjum degi.

### Komu grátandi inn í klefann

Aron kom inn á sem varamaður í æfingaleik Bandaríkjanna gegn Aserbaídsjan þann 27. maí í San Francisco. Það var fyrsti æfingaleikur liðsins af þremur fyrir HM í Brasilíu og skoraði Aron síðara markið í 2-0 sigri. „Eftir þann leik fóru verkirnir í náranum að versna. Við áttum næst leik gegn Tyrklandi í New York og ég gat ekki beitt mér fyllilega á æfingum. Ég spilaði ekki og eftir leikinn sagði þjálfarinn mér að hann hefði viljað hvíla mig.“

Sjö leikmenn þurftu frá að hverfa úr æfingahópi Klinsmann fyrir HM og þrátt fyrir baráttuna við meiðslin komst Aron í lokahópinn. Hann segir að það hafi verið erfitt að horfa á eftir félögum sínum sem þurftu að sitja heima. „Á einni æfingunni sá ég að þjálfarinn var að taka út einn og einn leikmann og ræða við þá. Svo komu þeir inn í búningsklefa með tárin í augunum og þá áttaði maður sig á því hvað hafði gerst,“ lýsir Aron.

„Tilfinningin var skrýtin. Maður var ánægður en þetta var leiðinlegt fyrir hina. Næsta klukkutímann voru menn fyrst og fremst að átta sig á því að sumir þeirra væru ekki að fara á HM. Maður vildi því ekki flagga gleðinni sjálfur.“

### Enginn tími fyrir stress

Fyrsti leikur Bandaríkjanna í lokakeppninni sjálfri var gegn Gana. Handrit leiksins hefði þess vegna getað verið samið í Hollywood. Clint Dempsey kom Bandaríkjunum yfir eftir 29 sekúndur en Ganverjar jöfnuðu þegar skammt var til leiksloka. Þá kom varamaðurinn John Brooks til sögunnar og tryggði þeim bandarísku dramatískan sigur.

Aron kom inn á sem varamaður í þessum leik líkt og frægt er eftir meiðsli Jozys Altidore strax á 20. mínútu. Aron hafði haft það á tilfinningunni dagana á undan að hann fengi að spila í leiknum. „Ég var ekkert búinn að spila í síðustu æfingaleikjunum vegna meiðsla en mér leið vel og ég var góður á síðustu æfingunum fyrir leik,“ lýsir Aron. „Ég og Chris [Wondolowski] vorum sóknarmennirnir á bekknum og þegar Jozy meiddist litum við hvor á annan. Okkur brá en fannst best að hefja upphitun. Ég var bara búinn að skokka eina ferð þegar það er kallað á mig. Ég hafði því engan tíma til að hugsa um þetta. Sem var gott því þá hafði maður ekki tíma til að verða stressaður.“

Aron segist hafa fengið gæsahúð þegar honum var skipt inn á en um leið varð hann fyrsti Íslendingurinn til að spila í lokakeppni HM í knattspyrnu. „Það var svo mikið adrenalín í líkamanum að ég fann ekkert fyrir meiðslunum í þessar 70 mínútur sem ég spilaði. Ég hljóp úr mér lungun enda þurftum við mikið að verjast í leiknum.“

Hann segist sáttur við frammistöðu sína þó svo að hann hafi ekki fengið úr miklu að moða sem sóknarmaður. „Eftir á að hyggja fannst mér ekki margt sem ég hefði getað gert betur. Það kom augnablik þar sem ég hefði mögulega komist einn í gegn en það þýðir ekkert að gráta það núna.“

### Tímasetning meiðslanna verst

Það var ljóst að Altidore myndi ekki taka frekari þátt í riðlakeppninni. Aron, eins og flestir Íslendingar, leyfði sér að vona að hann fengi tækifæri í byrjunarliðinu í næsta leik. En það átti ekki að verða. „Þegar undirbúningur hófst fyrir leikinn breytti þjálfarinn um kerfi og ákvað að spila bara með einn framherja. Hann var með Dempsey einan uppi á toppi og ég áttaði mig strax á því að ég yrði ekki í byrjunarliðinu. Þetta var þremur dögum fyrir leikinn.“

Hann viðurkennir að það hafi verið vonbrigði enda fáir knattspyrnumenn sáttir við að þurfa að sitja á bekknum. „Ég skildi afstöðu þjálfarans. Ég var ekki 100 prósent á æfingum og ég veit að ég er ekki það góður að ég geti verið í byrjunarliðinu á HM þegar málin standa þannig. Mesta svekkelsið var tímasetning meiðslanna – að ég gat ekki upplifað HM algjörlega heill heilsu.“

Aron spilaði ekki meira á HM en í þessum eina leik. Bandaríkin féllu úr leik í 16-liða úrslitum eftir hetjulega baráttu í framlengdum leik gegn Belgíu og sneru aftur til síns heima sem þjóðhetjur. „Ég fékk smjörþefinn af þessu og veit hversu ótrúlegt það er að spila á HM. Auðvitað hefði ég viljað spila meira en ég á vonandi meira eftir. Ég stefni að því að spila að minnsta kosti á tveimur mótum til viðbótar.“

### Ætlar að festa sig í sessi

Næsta stóra verkefni bandaríska liðsins verður úrslitakeppni Copa América árið 2016. Þessi sögufræga keppni, sem er álfukeppni Suður-Ameríku, fer þá í fyrsta sinn fram utan álfunnar en hún verður haldin í Bandaríkjunum – og það á 100 ára afmælisári sínu. „Það verður alveg svakaleg keppni,“ segir Aron og það er greinilegt að hann hlakkar mikið til. „Ég stefni á að vera búinn að festa mig í sessi sem byrjunarliðsmaður þá.“

Búast má við að Bandaríkjamenn muni áfram fylgjast með knattspyrnulandsliði sínu af áhuga, vonandi með Aron innanborðs. Og hann gerir sér grein fyrir því að það er vel fylgst með honum á Íslandi.

„Ég fann fyrir stuðningnum frá Íslandi úti í Brasilíu og hann var meiri en ég átti von á. Það var nokkuð um neikvæð viðbrögð þegar ég valdi bandaríska landsliðið á sínum tíma en ég fann fyrir mun meiri jákvæðni í minn garð eftir því sem nær dró keppninni. Ég var ekki lengur svikarinn og fannst að menn væru stoltir af mér.“

Og spurður hvort hann hafi nokkru sinni séð eftir því að hafa valið bandaríska landsliðið fram yfir það íslenska stendur ekki á svarinu. Það er skýrt. „Nei. Svarið er einfalt.“

Trans - Atlantic í 10 ár

# ÁSTIN RÆÐUR FERÐINNI

## ÍTALÍA - VERONA

### Í BEINU FLUGI FRÁ KEFLAVÍK

### 31 október - 4 nóvember 2014

Upplifðu borg elskenda! Flestir sem þekkja til Rómeó og Júlíu vita að Veróna var borgin þar sem ástin þeirra kviknaði og lifir enn. Borgin er vinsæl fyrir sögulegar byggingar, falleg torg og brýr yfir Adige ána. Verona er þekkt fyrir einstaka matargerð, bragðmikla osta og vínmenningu. Einstök ferð sem gleður og gerir vel við bragðlauka sem og önnur skynfæri. Takmarkaður fjöldi sæta er í boði.

**Upplifun sem að enginn má missa af.**



- **Flug, allir skattar og gjöld**
- **Allur akstur samkvæmt dagskrá**
- **Gisting á hóteli með morgunmat**
- **Úrval skoðunarferða í boði**
- **Íslensk fararstjórn**

Kynntu þér málið á **transatlantic.is**
og í símum **588-8900**

ICELANDAIR

Trans - Atlantic

# Fjörur, heiðar, fossar og vötn

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Norðausturlandið er auðugt af náttúruperlum og áhugaverðum stöðum að stoppa á. Þar er Mývatn með sitt ríkulega fuglalíf, Goðafoss, Dettifoss, Jökulsárgljúfur og Herðubreið, drotting íslenskra fjalla. Líka bullandi hverir, lynggrónar heiðar, einkar vel fallnar til útreiða, veiðiár og vötn og víðáttumiklar fjörur. Að ógleymdri byggðinni í bæjum og sveitum.









**HÓFFAR SLEIPNIS** Ásbyrgi í Kelduhverfi er hamrakví með eyju í miðju. Þjóðsagan segir það vera hóffar eftir Sleipni, hest Óðins, en síðari tíma vísindi telja Ásbyrgi hafa orðið til í tveimur hamfarahlaupum í Jökulsá fyrir þúsundum ára. Í botni þess er tjörn, Botnstjörn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Útivist og afþreying**

## Land ævintýraleiðangra fótgangandi fólks eða á farartækjum



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**2. Flóamarkaður**
Dæli í Fnjóskadal er venjulegur sveitabær að utanverðu en innan dyra er fjölbreyttur flóamarkaður að sumrinu með rósabolla, bækur, fatnað og fínerí sem húsfreyjan á bænum hefur safnað og afgreiðir sjálf.

**3. Heimur út af fyrir sig**
Dimmuborgir í Mývatnssveit er þyrping hraunborga með hellum, gatklettum og kjarri á milli og þar má gæta sín á að villast ekki. Tilkomumesti hellirinn heitir Kirkjan. Hægt er að fá sér hressingu í Kaffi Borgum sem er opið frá 9-22.

**4. Hjólatúr**
Hlíð, ferðaþjónusta í Reykjahlíð við Mývatn, leigir út fjallahjól sem upplagt er að fá lánuð til að hjóla á kringum vatnið. Það er 37 kílómetra leið. Upplagt er að labba upp á Vindbelg í leiðinni, þaðan er útsýni fagurt.

**5. Geimfarar**
Könnunarsögusafnið við Héðinsbraut 3 á Húsavík snýst um land- og geimkönnun. Aðalrýmið er helgað geimferðum, æfingum amerískra tunglfara á Íslandi og tilraunageimskotum Frakka hér á landi. Á morgun verður spiluð upptaka frá fyrstu tunglgöngunni fyrir 45 árum. Safnið er opið frá 9 til 17. Sjá explorationmuseum.com

**6. Hann er á!**
Í Heiðarbæ í Reykjahverfi er sundlaug, veitingahús og tjaldstæði. Þar eru líka seld silungs- og laxveiðileyfi í Langavatn og Kringluvatn sem eru í sex og þrettán kílómetra fjarlægð frá Heiðarbæ. Stöngin kostar 1.500 krónur hálfan daginn.

**7. Drottningin**
Herðubreið er eitt formfegursta fjall landsins. Hún sést víða að í blámóðu fjarskans en þangað er líka fært á bíl og fyrirtækið Fjalladýrð í Möðrudal ekur með fólk þangað ef óskað er. www.fjalladyrd.is. Í Herðubreiðarlindum eru merki um búskap Fjalla-Eyvindar og Höllu.

**8. Nestisstaður**
Við Kaldbak, í grennd við Húsavík, er manngerð tjörn sem vatni frá orkuveitu staðarins er veitt í og hentar vel til baða á góðviðrisdögum. Vatnsbakkarnir eru gróðri vafðir og gott er að taka þar upp nestið sitt.

**9. Gönguleið**
Á Rauðanesi við vestanverðan Þistilfjörð eru sérstæðir hellar og drangar og ekki spillir fjölskrúðugt fuglalíf. Við bílastæði á Völlum er hægt að fá kort af merktri gönguleið um nesið, um sjö kílómetra langri.

**10. Leikið með birtuna**
Heimskautsgerðið er útilistaverk í uppbyggingu á Melrakkaási við Raufarhöfn. Birta norðursins leikur þar stórt hlutverk og hugmyndin er að tengja verkið dvergum Völuspár og sagnaheimi fornaldar.


FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Það finnst margt í fjörunni

**11. Fjölskyldan**
Fjörurnar á Langanesi eru einstakar í sinni röð. Það er hollt fyrir skilningarvitin að heimsækja þær, finna lyktina, skoða lífríkið, leita að skeljum og öðrum gersemum úr sjónum og virða fyrir sér endalausar breiður af rekaviði. Auðvelt er að aka á bílum út á nesið og alls staðar hægt að komast niður í fjöru.

**Neytum og njótum**

## Inn til dala og út við sjó






**12. Heimagerðar kræsingar**
Uglan, veitingahús að Skógum í Fnjóskadal, hefur heimagerðar kræsingar og annað góðmeti á borðum. Þar er bruggað úrvalskaffi og hellt upp á seyði og te. Uglan er í gömlu skólahúsi og krítartöflur, bækur og aðrar gersemar minna á sveitaskólaandann. Opið er alla daga frá klukkan 11 til 17 til 31. ágúst.

**13. Ferskt úr hafinu**
Gamli baukur við höfnina á Húsavík er vertshús með fisk í hæsta gæðaflokki og norðlenska lambakjötið klikkar ekki heldur. Húsið er úr rekaviði og munir innandyra tengjast sjósókn og siglingum. Fyrirtækið Norðursigling rekur staðinn. Það er þekkt fyrir hvalaskoðunarferðir sínar. www.nordurferdir.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL
FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS
1398 kr. kg
BÓNUS úrb. GRILL-Grísakótilettur
759 kr. kg
Bónus Ferskur heill kjúklingur
BÓNUS Kjúklingur Vængir
298 kr. kg
Bónus Ferskir kjúklingavængir
BÓNUS Grillkjöt
1198 kr. kg.
Bónus BBQ grill grísakótilettur
359 kr. 485g. 10 stk
149 kr 5 stk.
X-Large HAMBORGARA BRAUÐ
159 kr 4 stk.
BÓNUS Kjúklingur Bringur
1998 kr. kg
Bónus Ferskar kjúklingabringur
KJARNAFÆÐI
UPPRUNALAND ÞÝSKALAND
1598 kr 10 stk. 120g
Frosnir Nautahamborgarar
Pólskar PYLSUR
87% KJÖTINNIHALD
259 kr 360g. 4 stk.
Ali Bacon PYLSUR
259 kr. 250g
5000 STK. Á ÞESSU VERÐI!
HEINZ TOMATO KETCHUP
129 kr 570g
119 kr 100g
Steiktur laukur 100g
MÁNUDAGA MIÐVIKUDAGA FÖSTUDAGA
198 kr. STK.
NÝJAR BÓNUS SAMLOKUR
198 kr. 4 stk
Bónus nýbakað Langlokur
Kleinu hringir 6 STYKKI
BÓNUS
259 kr. 6 stk.
Bónus 6 stk. Kleinuhringir
198 kr. 4 stk.
Bónus nýbakað Mjúkar kringlur
EINNOTA GRILL
298 kr. stk.
HEIMA Einnota kolagrill
298 kr. 4 stk
Bónus nýbakað Kjallarabollur
með osti
ÖMMUBAKSTUR
139 kr. 4 stk
ÖMMU Heilkorna flatkökur 4 stk.
YumYum CHICKEN
98 kr. 70g
Kolsýrt vatn
129 kr. 2 ltr.
AFGREIÐSLUTÍMI LAUGARDAGUR 10:00-18:00
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI LAUGARDAGUR 10:00-18:00

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL

# netto

Kræsingar & kostakjör




-40%

GRÍSABÓGSNEIÐAR
GRILL
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 1.498,~~
899,-




-21%

KJÚKLINGABRINGUR
GÓÐAR Á GRILLIÐ
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 2.398,~~
1.894,-




-43%

KJÚKLINGAVÆNGIR - HVÍTLAUKS
FRÁBÆRT VERÐ!
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 698,~~
398,-



-35%

CORDON BLEU
350 G
PAKKAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 829,~~
539,-



TULIP PULLED PORK
550 G
PAKKAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 1.698,-~~
1.494,-



RAUÐSPRETTUFÖK M/ROÐI
ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ
PAKKAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 998,-~~
699,-




COCA COLA
1,5 L
STYKKJVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 229,-~~
199,-




-25%

BATCHELORS SÚPUR
KJÚKLINGA, SVEPPA, TÓMAT
295 G DÓSIR
~~VERÐ ÁÐUR 199,-~~
149,-




JARÐARBER FROSIN
GRATE TASTE 1KG
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 489,-~~
399,-



-30%

NEKTARÍNUR
PLÓMUR
FERSKJUR
500 G
~~VERÐ ÁÐUR 398,-~~
279,-



-25%

TOSCANABRAUÐ 550 G
BAKAÐ Á STAÐNUM
STYKKJAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 398,-~~
299,-



-40%

JÓGÚRTBRAUÐ 550 G
BAKAÐ Á STAÐNUM
STYKKJAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 498,-~~
299,-

**Tilboðin gilda 17. - 20. júlí 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



-10%

**MS LGG**
6X65 ML ALLAR TEG
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 449,-~~
# 404,-

**MS BENICOL**
6X65 ML APPELSÍNU
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR ,-545~~
# 491,-

**MS BENICOL**
6X65 ML JARÐARBERJA
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 541,-~~
# 487,-

# HUGSUM UM HEILSUNA!

## NÄKD STYKKI



# 159 KR/STK
~~VERÐ ÁÐUR 189 KR/STK~~



**BETTY CROCKER**
DEVILS KÖKUMIX EÐA KREM
**STYKKJAVERÐ**
# 399,-



**TOFFIFEE**
100 G
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 249,-~~
# 199,-



**MARABOU DAIM**
3X28 G
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 269,-~~
# 249,-



**SKITTLES**
4 Í PAKKA - 4X180G
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 398,-~~
# 349,-



-30%

**MR FREEZE**
KLAKALENGJUR
**STYKKJAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 69,-~~
# 48,-



**PRINGLES 43 G**
ORGINAL/SOUR CREAM
**STYKKJAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 129,-~~
# 110,-



**MATAR- EÐA MJÓLKURKEX**
ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ 500 G
**PAKKAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 359,-~~
# 298,-



**NETTÓ KAFFI**
400 G
**STYKKJAVERÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 549,-~~
# 489,-



## Lífrænir bananar
# 284kr/kg
~~áður 379kr/kg~~

-25%

# nettó 24
## VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ GRANDA OG MJÓDD
# DAG SEM NÓTT

# LÆRÐU AÐ LESA Á MATINN ÞINN

**VISTVÆNT** Vistvæn ræktun er venjulegur búskapur og leyfilegt er að nota tilbúinn áburð eða hefðbundin eiturefni, í hófi. Gæðastýrður hefðbundinn búskapur.

**LÍFRÆNT** Í lífrænni ræktun er ekki leyfilegt að nota tilbúinn áburð eða hefðbundin eiturefni. Til að heimilt sé að markaðssetja lífrænar afurðir sem slíkar verður faggild vottunarstofa að hafa reglubundið eftirlit með starfseminni og votta hana.

**SANNGIRNISVOTTUN** Beinir sjónum að mannréttindum. Markmiðið er að fólk geti lagt sitt af mörkum til betra lífs fyrir fólk í fátækari hlutum heimsins. Markmiðið með vottuninni er að tryggja réttindi vinnufólks og ræktenda, vinna gegn barnaþrælkun og misrétti.

### Agriculture biologique
Franskt vottunarmerki um lífræna framleiðslu á landbúnaðarafurðum. Varan er framleidd á lífrænan hátt. Matvæli þurfa að innihalda 95% af lífrænu ræktuðu hráefni.

### Bio Inspecta
Stofnað 1998 í Sviss sem traust, sjálfstæð og áreiðanleg vottunarstofa fyrir lífrænar afurðir. Vottar 80% af öllum lífrænum býlum í Sviss og yfir þúsund seljendur.

### BIO-Siegel
Hinn viðurkenndi þýski, lífræni vottunarstimpill. Bio Siegel gildir fyrir lífrænan búskap og ræktun. Vottunin staðfest samkvæmt kröfum ESB.

### Debio
Debio er norsk lífræn vottun en fyrirtækið tekur einnig út framleiðslu fyrir lífeflismerkið Demeter. Það er norska ríkið sem setur reglur fyrir Debio-úttektina.

### Demeter
Úr lífelfdum landbúnaði. Áhersla á hringrás næringarefna í náttúrunni. Býli þurfa að vera lífræn heild, þannig að áburður til ræktunar komi frá dýrum á sama bæ.

### EcoCert
Lífrænt vottunarmerki. Einkarekin samtök hafa réttindi til að reka og votta merkið, sem má finna bæði á matvörum, vefnaðarvörum og snyrtivörum.

### Evrópublómið
Opinbert umhverfismerki Evrópubandalagsins. Umhverfisstofnun er rekstraraðili merkisins hér á landi.

### Fair Trade
Staðfesting á því að varan er unnin á siðferðislega sanngjarnan hátt, án skaðlegra áhrifa fyrir starfsmenn og að þeir fái sanngjörn laun fyrir vinnuna.

### Rapunzel
Þýskt fyrirtæki sem framleiðir lífrænt vottaðar vörur frá lífefldum landbúnaði.

### Hand in hand
Sanngirnisvottun frá Rapunzel. Vörur sem merktar eru Hand in hand innihalda að minnsta kosti 50% hráefni frá Hand in hand ræktendum.

### Skráargatið
Matvörur merktar Skráargatinu verða að uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða: minni og hollari fita, minni sykur, minna salt, meira af trefjum og heilkornum.

### Soil Association
Merkið tryggir að um lífræna framleiðslu sé að ræða. Einnig er velferð dýra og dýravernd hluti af vottuninni. Byggt á stöðlum ESB og Breta um lífræn matvæli.

### Vottað lífrænt – Tún
Varan hefur verið ræktuð með lífrænum aðferðum, án eiturefna, tilbúins áburðar, hormóna eða erfðabreyttra lífvera.

### Vottuð náttúruafurð – Tún
Afurðir teljast ekki lífrænar, en eru af náttúrulegum uppruna, byggðar á sjálfbærri nýtingu auðlinda og/eða afurðir sem teljast leyfileg aðföng í lífræna framleiðslu.

### Vistvæn landbúnaðarafurð
Nokkurs konar millistig milli hefðbundins landbúnaðar og lífræns. Ekkert eftirlit er þó með því hver notar merkið á Íslandi í dag.

### Beint frá býli
Samvinnuverkefni um sölu afurða beint frá býli bóndans. Markmiðið er að þróa vörumerki og veita bændum ráðgjöf og stuðning varðandi heimavinnslu og sölu.

### Beint frá býli - frá fyrstu hendi
Gæðamerki á matvælum íslenskra sveita. Meginþættir framleiðslu byggjast á íslenskri framleiðslu, frá landbúnaði, fiskveiðum og nýtingu afurða villtrar náttúru.

### Svanurinn
Norræna umhverfismerkið. Kröfurnar taka til alls lífsferils vörunnar: þjónustu, frá framleiðslu til úrgangs. Svanurinn tekur nú til 70 vöruflokka, allt frá uppþvottalegi til húsgagna og hótela.

### Evrópska lífræna merkið
Lífræn vottun ESB. Framleiðsla á vörum tekur tillit til umhverfis og velferðar dýra. Skilyrði um lífræna ræktun er skiptiræktun, að búfé fái lífrænt fóður og engin eiturefni séu notuð.

### The Organic Food Federation
Breskt vottunarfyrirtæki sem vinnur samkvæmt stöðlum Breta og ESB. Er í félagi við alþjóðleg samtök um lífrænan landbúnað.

### Ø-merkið
Hið opinbera danska lífræna vottunarmerki. Einnig hægt að finna á erlendri lífrænni vöru ef hún er unnin í Danmörku. Mun færri aukefni leyfð í en í hefðbundinni matvælaframleiðslu.

# Þetta er uppreisn neytandans

**Guðrún Arndís Tryggvadóttir** og **Einar Bergmundur Arnbjörnsson** bjuggu til Húsið, gagnvirkan upplýsingabanka um allt á heimilinu. Þau segja stjórnvöld engu skeyta um aðgengi neytenda að upplýsingum um áhrif innihaldsefna á heilsuna.




Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is


Við erum að verja okkur með þessu," segir Guðrún Arndís Tryggvadóttir, stofnandi, framkvæmdastjóri, hönnuður og ritstjóri natturan.is, en hún ásamt eiginmanni sínum, Einari Bergmundi Arnbjörnssyni, gáfu á dögunum út snjallsímaforritið Húsið, gagnvirkan upplýsingabanka um allt á heimilinu.

**Sífellt verið að plata okkur**

„Aðeins með því að skilja þýðingu þeirra erum við fær um að velja jákvæðari kosti," segir Guðrún. „Við látum bara ekki bjóða okkur þetta bull lengur – það er sífellt verið að plata okkur. Það er hvergi verið að reyna að gera neytendum auðveldara fyrir að fá fræðslu um það sem við erum að láta ofan í okkur," heldur hún áfram og segir meira að segja letur utan á matarumbúðum hafa minnkað.

„Þess vegna förum við í þessa framleiðslu. Við vildum búa til íslenskan grunn svo að fólk gæti auðveldlega nálgast þessar upplýsingar og þannig tekið meðvitaðar ákvarðanir um það sem við látum ofan í okkur. Við bjuggum líka til




**TÓKU MÁLIN Í SÍNAR HENDUR** Vefurinn Nattura.is var opnaður þann 25. apríl árið 2007, á degi umhverfisins. MYND/ÚR EINKASAFNI

E-aukefna -app (e.natturan.is) sem gott er að hafa við höndina við innkaupin. Þá slærðu inn E-efnanúmerið og sérð á skala hvort það er grænt, gult eða rautt. Grænt stendur fyrir ekkert neikvætt – á þá við hættulaus náttúruleg efni – gult er varasamt í einhverjum tilvikum, til dæmis í of miklu magni eða fyrir börn og óléttar konur. Síðan er rautt, þar eru til vísindalegar sannanir fyrir því að innihaldið geti reynst hættulegt.

Svona efni eru til dæmis í litarefni í nammi fyrir börnin okkar. Þetta er eitthvað sem er búið að læða inn í neyslumynstrið. Það er mikilvægt að fólk viti þetta en þar sem yfirvöldum virðist standa alveg á sama um hvort við höfum aðgengi að upplýsingum um áhrif innihaldsefna á heilsuna eða ekki þá tókum við málin í okkar hendur og bjuggum til íslenskan heildstæðan grunn um aukefnin. Bæði Húsið og e.natturan.is eru ókeypis fyrir alla. Það er samfélagslegt réttlætismál í okkar huga að fólk geti sótt sér þessar upplýsingar á einfaldan hátt.

**Enginn hafði áhuga**

Vefurinn var opnaður þann 25. apríl árið 2007, á degi umhverfisins, en hefur verið í stöðugri þróun síðan, til að mynda með tilkomu snjallsímaforritsins Hússins.

„Ég skrifaði viðskiptaáætlun fyrir tíu árum. Enginn hafði áhuga á umhverfismálum þá og margir héldu að engin framtíð væri í að stússast í þeim. Það tók mig síðan um tvö ár að fjármagna þetta og geta ráðið fólk með mér. Svo er ég svo heppin að maðurinn minn er vefþróunarmeistari – við hentum á milli okkar hugmyndum og keyrðum þetta í gang. Þetta er búið að vera rosalega gaman og krefjandi. Við erum bara tvö í þessu núna, svo höfum við sjálfboðaliða sem hjálpa öðru hvoru. Við ráðum umhverfisfræðinga og fagfólk þegar á þarf að halda, en allt sem við gerum er ókeypis svo að við treystum á stuðning, og höfum oft fengið ágætis stuðning. Við erum náttúrulega að sinna hlutum sem stjórnvöld ættu að vera sinna. Við erum samt bara eins og hver og einn neytandi út í bæ sem vill breyta hlutunum til betri vegar," segir Guðrún að lokum.

## Húsið



**Snjallsímaforritið Húsið er gagnvirkur upplýsingabanki um allt á heimilinu.**

**Þar er neytendum meðal annars gert auðveldara fyrir að læra að þekkja merkingar og lesa á matarumbúðir.**

**Í forritinu er að finna safn af alls kyns merkjum sem hafa með umhverfi, sjálfbærni, endurvinnslu og hættur að gera.**

**Við látum bara ekki bjóða okkur þetta bull lengur – það er sífellt verið að plata okkur. Það er hvergi verið að reyna að gera neytendum auðveldara fyrir að fá fræðslu um það sem við erum að láta ofan í okkur.**

*Guðrún Arndís Tryggvadóttir.*

**FLÓTTAMANNAVANDINN**
**Róttæki sumarháskólinn boðar til fyrirlestrar um „Flóttamannavandann“ í Friðarhúsinu Njálsgötu í kvöld klukkan 20. Erindið flytur Benjamín Julian.**




AUGNÞURRKUR



**BELLAVISTA** náttúrulegt efni fyrir augun, ríkt af lúteini og bláberjum

www.gengurvel.is

Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum





Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT







# UNDRAGÓÐ BLANDA VIÐ BÓLGUM OG MEIÐSLUM

**GENGUR VEL KYNNIR** *Einstök blanda sem byggð er á árþúsunda gömlum austurlenskum lækningahefðum. Blandan hefur reynst sérstaklega vel við bólgum í liðamótum og til að græða meiðsl, m.a. íþróttameiðsl og áverka.*

Engiferrótin hefur verið notuð í lækningaskyni í árþúsund í Kína við margs konar kvillum svo sem gigt og við álagsmeiðsli. Túrmerikrótin er náskyld engiferrótinni og er notuð í bæði kínverskum og indverskum náttúrulækningum en hún er bólgueyðandi. Báðar ræturnar eru notaðar í hinum indversku Ayurveda-fræðum við verkjum og bólgum vegna meiðsla, slitum, tognun og fleiru. Þessar jurtir sameina bólgueyðandi og hitandi áhrif. Hitunaráhrifin bæta blóðrás (slæm blóðrás getur magnað verki) og tryggja að næringarefni berist fljótt til svæðisins og meiðslin grói hratt og vel. Bromelain er samheiti yfir ensím úr ananasplöntunni og hefur bæði góð áhrif á meltingu og bólgur.

## ÚTSÖLUSTAÐIR:

Lyfja, Lyf og heilsa, flest önnur apótek, Heilsuhúsið, Fjarðarkaup og Hagkaup. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is

**ENGIFER, TÚRMERIK OG BROMELAIN ER GOTT VIÐ:**

- **Bólgum í líkamanum**
- **Bólgum í liðamótum s.s. slitgigt og liðagigt**
- **Slæmu blóðflæði**
- **Meltingarvanda**
- **Íþróttameiðslum, tognunum og verkjum**
- **Mjög græðandi**

**EINSTÖK ANDOXUN**

Túrmerik eða kúrkúmín, virka efnið í túrmerik, hefur einstök andoxunaráhrif, verndar liðina, minnkar magn histamíns og eykur náttúrulega framleiðslu kortisóns sem hefur bólgueyðandi áhrif. Kúrkúmín hefur reynst vel við bæði slitgigt og liðagigt.

**GRÆÐIR OG EYKUR BLÓÐFLÆÐI**

Engifer hefur blóðþynnandi áhrif og er mjög gott fyrir blóðflæði og þrengsli í æðum. Einnig getur það dregið úr bólgum, jafnað blóðsykur og minnkað morgunógleði og velgju. Að auki hefur engifer einstök áhrif á ónæmiskerfið. Bromelain er græðandi, hefur einstaklega góð áhrif á meltinguna, getur dregið úr sársauka eftir aðgerðir, hefur góð áhrif á húðina og hefur reynst vel við bólgum eftir íþróttameiðsl.

**ATHUGIÐ**

Ekki er mælt með því að ófrískar konur eða með barn á brjósti taki Engifer, Túrmerik og Bromelain. Þeir sem eru á blóðþynnandi lyfjum eða fengið hafa gallsteina ættu einnig að leita læknis áður en tekið er inn Engifer, Túrmerik og Bromelain.





SAMSUNG Pioneer Nintendo SHARP Jamo OLYMPUS hama Haier Skullcandy Hercules CELESTRON SPEEDLINK TP-LINK

SUMARLEIKUR ORMSSON 2014

Verðmæti vinninga yfir 500 þúsund kr.




Leikurinn fer fram á Facebook og í nýrri verslun Ormsson í Lágmúla 8

Sjá nánar á: www.facebook.com/ormsson.is

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS · Verslanir um land allt

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512 5447










# SANNKALLAÐUR SIRKUSSTRÁKUR

**SIRKUSLÍF** *Daníel Birgir Hauksson er sannkallaður sirkusstrákur sem fann draum sinn rætast með Sirkus Ísland. Um helgina leikur hann listir sínar á Ísafirði með félögum sínum en síðan fer lestin til Akureyrar.*

Það var löng biðröð fyrir framan Jöklu, sirkustjaldið á Ísafirði, þegar við náðum sambandi við Daníel Birgi, enda aðeins hálftími í fyrstu sýningu. Daníel hefur starfað með sirkusnum frá upphafi. „Ég rakst á einhjól í búð árið 2007 og varð að eignast það. Fjölleikhús hefur alltaf heillað mig," segir Daníel þegar hann er spurður um upphafið að því að hann gerðist sirkusstrákur. „Ég hitti sirkuskennara á kaffihúsi sem er meistari í því að kasta hlutum upp í loft og grípa þá. Ég hafði þá lært að kasta þremur boltum en hann kenndi mér tæknina við að fara í fjóra bolta. Í framhaldinu frétti ég að Lee Nelson væri með námskeið í sirkuslistum og ég og félagi minn skelltum okkur á það," segir Daníel. „Þá var ég sautján ára og ekki aftur snúið," útskýrir Daníel.



**FLOTT FÖT** Daníel Birgir Hauksson sirkusstrákur í blöðrujakkafötum MYNDIR/SIRKUS ÍSLANDS

### TRÚÐUR SEM BARN

„Ég veit ekki hvenær áhuginn byrjaði en systir mín lét mig hafa gamlar barnamyndir um daginn þar sem ég var klæddur eins og trúður. Ég býst því við að þetta hafi blundað í mér alla tíð," segir hann. „Sirkuslistin lærist best með þrotlausum æfingum."

Hópurinn sem leikur listir sínar í Sirkus Íslands hefur starfað frá árinu 2007. „Þetta byrjaði eiginlega allt í gegnum námskeiðið. Núna er þetta orðið alvöruvinna og rosalega margt að gerast. Þegar við erum ekki að sýna þá erum við að æfa," segir hann.

### GÓÐ VIÐBRÖGÐ

Þegar Daníel er spurður hvort þetta sé skemmtileg vinna, svarar hann, „já", með ánægjuröddu. „Við náum mjög vel saman. Margir sem koma til að sjá okkur eru hissa á að Íslendingar séu orðnir svona vel æft fjöllistafólk. Við fáum einstaklega góð viðbrögð frá áhorfendum. Við erum í nánu sambandi við áhorfendur á sýningum þar sem við sjáum um alla hluti á staðnum, meðal annars að afgreiða sælgæti fyrir sýningu og í hléi. Svo eru alltaf einhverjir áhorfendur þátttakendur í sýningum. Okkur finnst mjög skemmtilegt að heyra hvað fólk er ánægt með sýninguna og tekur virkan þátt í henni. Það er svo ánægjulegt fyrir okkur að fá klapp og hróp."

Sirkus Íslands eignaðist tjaldið Jöklu í sumar sem var sérhannað fyrir hópinn. „Við vildum hafa það svolítið íslenskt, eins og jökul í laginu. Fullt af fólki aðstoðaði okkur og styrkti við að gera þetta að veruleika," segir Daníel. Hann segir að það hafi verið nokkuð mikið mál að setja tjaldið upp í fyrsta sinn. „Við vorum í þrjá daga að reisa tjaldið fyrst á Klambratúni en þegar við settum það upp á Ísafirði tók það bara einn dag. Ekkert er flókið ef maður kann það."

### SIRKUSLEST Á ÞJÓÐVEGI 1

Sirkushópurinn vakti mikla athygli á leið vestur þótt Daníel segi að sirkuslestin hafi nú ekki verið eins og í bíómyndum. „Við vorum með vörubíl og tvo röndótta, flotta gáma. Það voru samt allnokkur bros frá vegfarendum sem mættu okkur á leiðinni."



**HRINGIR** Það þarf mikla hæfileika til að kasta þessum hringjum á milli sín án þess að þeir fari í gólfið.



**BOLTAR** Daníel kemur fram í margvíslegum atriðum í Sirkus Íslands, Meðal annars að henda upp í loft þessum stórum boltum.

Daníel er í nokkrum hlutverkum á sviðinu, hann kastar meðal annars bæði fólki og hlutum í loftið og grípur. „Þetta eru svona fimleikar með fólk," segir hann. Í barnasýningum er hann kynnir en hópurinn býður þrenns konar sýningar. Í allt kemur um 20 manna hópur að sýningunum auk aðstoðarmanna. Eftir helgina leggur sirkushópurinn af stað til Akureyrar á leið sinni um landið.

### BLÖÐRUMAÐUR

Fyrir utan að vera fjöllistamaður rekur Daníel fyrirtækið Bladrarinn.is sem sérhæfir sig í að gera alls kyns furðuverur úr blöðrum. „Ég byrjaði samfara sirkusstarfinu að skemmta börnum með blöðrum. Þar sem ég hef haft mikinn áhuga á fyrirtækjarekstri ákvað ég að útvíkka þessa starfsemi og býð nú upp á blöðruskreytingar fyrir afmælisveislur og alls kyns tækifæri og það hefur gengið mjög vel. Við erum með eitt skemmtilegt atriði í barnasýningu sirkussins þar sem maður fer inn í blöðru. Það hefur verið vinsælt hjá krökkunum."

Þegar hann er spurður hvort hann ætli að gera sirkusstarfið að ævistarfi svarar hann því játandi. „Vonandi verður það hægt. Þetta er það skemmtilegasta sem ég hef gert á ævinni og ég er í sífelldri þjálfun. Ég held að Sirkus Íslands sé kominn til að vera," segir hann.

Sem betur fer er ekki mikið um óhöpp í sýningunum, eftir því sem Daníel segir en þó hafa listamennirnir fengið skrámur. „Ég var svo óheppinn að tjaldpinni stakkst í höndina á mér þegar við vorum að setja tjaldið upp en ég var með hanska svo betur fór en á horfðist. Við gerum auðvitað líka mistök í sýningunum en þá er galdurinn að láta þau líta út fyrir að vera viljandi."

### HUGFANGINN AF SIRKUSUM

Daníel fór tvisvar í sirkus þegar hann var barn. Fyrst í Svíþjóð og síðar á Spáni. Hann segist hafa verið hugfanginn af þeim sýningum. „Ég fór líka í sirkus sem kom hingað til lands fyrir nokkrum árum. Síðan sá ég alla sirkusa á Volcano-hátíðinni í Vatnsmýrinni."

En kom foreldrum Daníels á óvart að hann hafi valið þessa leið í lífinu? „Nei, ég get ekki sagt það. Ætli þeim finnist ég ekki á réttri hillu í þessu," segir Daníel sirkusstrákur sem nú þurfti að stökkva af stað til að sinna áhorfendum sínum á Ísafirði. ■ *elin@365.is*




**HRÁSÚKKULAÐI** Einstaklega hollt og gott.

# PANA LÍFRÆNT HRÁSÚKKULAÐI

Pana-hrásúkkulaðið hentar vel fyrir þá sem vilja sleppa sætindum og dekra við sig. Vísindalega hefur verið sannað að hreint súkkulaði er ofurfæða. Pana-hrásúkkulaðið er handgert frá Ástralíu og framleitt af mikilli alúð. Það inniheldur mikið magn andoxunarefna og vítamína. Súkkulaði er venjulega unnið í háum hita en við það tapar það miklum gæðum. Pana-hrásúkkulaðið er hins vegar búið til við lágan hita og heldur því öllum næringarefnum sínum. Súkkulaðið bragðast einstaklega vel og er til í nokkrum bragðtegundum.

Enginn viðbættur sykur er í Pana-súkkulaðinu, það inniheldur aðeins kókosolíu, kakó og agave-síróp. Öll innihaldsefnin eru lífræn, hrein hollusta. Súkkulaðið er handgert og hentar fyrir allan aldur. Frábært með kaffi, og súkkulaðiþörfinni er fullnægt á gæðastundum.

**PANA SÚKKULAÐI ER:**

- **Hráfæði**
- **Lífrænt**
- **Handgert**
- **Vegan**
- **Með lágum sykurstuðli**
- **Án allra mjólkurvara**
- **Án soja**
- **Án glútens**
- **Án aukefna**
- **Án rotvarnarefna**

Pana-súkkulaði fæst aðeins í Hagkaupi, Lifandi markaði og Heilsuhúsinu.

# NÝTUR SÓLAR ÁN SÓLAREXEMS

*__ICECARE KYNNIR__ Eftir að Maja prófaði Skin Care™ Perfect Tan gat hún loksins notið þess að liggja í sólbaði. Áður hafði sólarexem eyðilagt fyrir henni sólarlandaferðir. Nú getur Maja notið ferðarinnar og sólarinnar án þess að fá sólarexem og vanlíðan vegna þess.*

Maja vann lengi í dönsku versluninni Matas og fékk áhuga á heilsuvörum í starfi sínu. „Þegar ég kynntist Perfect Tan-töflunum fyrst ákvað ég að prófa þær, enda með mjög viðkvæma húð," segir hún. „Fríin mín hafa oft og mörgum sinnum eyðilagst vegna sólarexems. Hendur og fætur voru sérstaklega slæm af sólarexeminu sem þróaðist oft yfir í blöðrur sem var virkilega óþægilegt. Þetta gerðist þrátt fyrir að ég væri í skugga og hefði notað sólarvörn," segir Maja.



**LOKSINS LAUSN** Maja er loksins laus við sólarexem.

**PERFECT TAN VIRKAÐI FRÁBÆRLEGA**

„Ég var mjög spennt yfir því hvernig töflurnar myndu virka. Ég byrjaði að taka þær inn um mánuði áður en fríið hófst. Ferðin var yndisleg og Perfect Tan virkaði frábærlega. Ég gat virkilega notið ferðarinnar án þess að fá sólarexem. Ég upplifði það líka að ég gat verið meira úti í sólinni en ég er vön. Mamma hrósaði mér mörgum sinnum fyrir það hvað ég væri sólbrún, en ég fæ yfirleitt ekki lit. Það er frábært að finna vöru sem virkar, ég er orðin fastur viðskiptavinur Perfect Tan.

Perfect Tan inniheldur mandarínu-extrakt og mandarínuolíu, pomeló-extrakt, kapers-extrakt, svartan pipar, kopar og C-vítamín.

Öll innihaldsefnin eru náttúruleg og hafa verið þurrkuð og meðhöndluð á þann máta að virku efnin varðveitast mun betur.

- **Sólartafla sem hentar öllum**
- **Veitir vörn gegn sólarexemi**
- **Styrkir húðina í sól**
- **Vörn gegn öldrun**
- **Veitir eðlilegan húðlit í sól**

Takið tvær töflur á dag í fjórar vikur áður en farið er í sól. Perfect Tan eykur líkurnar á fallegri húðlit í sól. Þegar sólin skín á húðina þá örvast melanínfrumurnar í húðinni.




***Skin Care Perfect Tan fæst í apótekum, heilsuhillum stórmarkaða og öllum heilsuverslunum. Það er einnig hægt að fá Skin Care Perfect Tan á heimasíðu umboðsaðilans www.icecare.is Ef þú hefur spurningar, hafðu samband við starfsfólk IceCare á icecare@icecare.is***

# ÞJÁISTU AF FRJÓKORNAOFNÆMI Á SUMRIN?

*Hay Max er náttúruleg lausn sem hentar öllum. Hay Max er lífrænn salvi sem er einfaldur í notkun.*

Hay Max er áhrifaríkur, lífrænn og lyfjalaus frjókornatálmi fyrir þá sem þjást af frjókornaofnæmi. Hann hefur fengið fjölda viðurkenninga, meðal annars frá bresku astma- og ofnæmissamtökunum. Hay Max er einfaldur í notkun og kemur í veg fyrir að frjókorn komist inn í líkamann. Hay Max er framleiddur úr hágæða, vottuðum lífrænum efnum, býflugnavaxi, ilmkjarnaolíum, aloe vera og sólblómaolíu og er vottaður fyrir grænmetisætur. Hay Max hentar ófrískum konum, konum með barn á brjósti og börnum.

**ALLTAF MEÐ HAY MAX**

Jón Páll Pálmason, þjálfari í knattspyrnu, hefur góða reynslu af notkun Hay Max. „Þar sem ég er að þjálfa fótbolta er ég mikið úti á sumrin. Ég hef verið mjög slæmur, alltaf pirraður í augunum þegar frjókornin eru sem mest í loftinu. Ég ákvað að prófa Hay Max og smurði því í kringum augun og við nasirnar. Það var eins og við manninn mælt, ég fann mikinn mun á mér og er núna alltaf með dósina á mér þegar ég er úti. Ég mæli hiklaust með Hay Max gegn frjókornaofnæmi." Hay Max-salvinn er lyfjalaus sem þýðir að syfja er ekki ein aukaverkana ófugt við mörg ofnæmislyf.

**ÞVÍLÍKUR MUNUR**

„Sonur minn, Emil Ingi, 13 ára, hefur verið með frjókornaofnæmi frá barnæsku. Síðasta sumar byrjaði hann að nota Hay Max-salvann. Þvílíkur munur, hann er allt annar drengur, getur verið úti á sumrin, spilað golf og gert allt það sem hann langar til utan húss," segir Íris Rut Árnadóttir, móðir Emils.



**MÆLI MEÐ** Jón Páll segist alltaf vera með Hay Max á sér.

„Frjókornaofnæmið var svo slæmt hjá honum að þegar við fórum í sumarbústað þurfti hann að halda sig inni í húsi mest allan tímann. Hann ber Hay Max-salvann vel undir augun og undir nefið og þetta bara svínvirkar. Hann notar Hay Max-salvann með ofnæmislyfjum og líður mun betur."




# BETRI LÍÐAN MEÐ FEMARELLE

*Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að ná betri líðan.*

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

## Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

## CAPACENT RÁÐNINGAR

**Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.**
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, **www.capacent.is**

capacent

## VINVEITTIR MELTINGARGERLAR

OptiBac-vörurnar innihalda blöndu sýruþolinna meltingargerla sem komast örugglega og lifandi gegnum magasýrur í smáþarma þar sem þeim er ætlað að virka.




# FLATUR MAGI Á SJÖ DÖGUM

**RARITET KYNNIR** *Ertu með loft í maganum og þjáist af vindverkjum? Þá er lausnin fundin með hjálp vinveittra meltingargerla frá OptiBac Probiotics.*

Ég get ekki hugsað mér að vera án gerlanna," segir Marta Eiríksdóttir jógakennari sem hefur notað Optibac Probiotics-gerlana að staðaldri í 1 ár. „Ég er með viðkvæma meltingu og hef þjáðst af meltingaróþægindum í langan tíma. Gerlarnir hjálpa til við niðurbrot mjólkursykurs og sterkju í meltingarvegi og koma í veg fyrir óþægindi sem tengjast fæðuóþoli," segir Marta, sem reynir eftir megni að sneiða hjá mjólkurvörum, sykri, glúteni og unnum kjötvörum.

„Líkami minn þolir ekki þessar matvörur. Meltingin fer úr skorðum og ég verð þreytt og orkulaus. Vissulega getur verið erfitt að sneiða hjá þessum fæðutegundum en þegar ég borða mat sem ég þoli illa á ég alltaf til poka af „One week Flat" í veskinu."

Marta mælir hiklaust með OptiBac Probiotics-vörunum.

„Ég nota „One week Flat", sem dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari. Það er sjö daga kúr sem inniheldur vinsamlegar bakteríur eins og acidophilus og svo prebiotics-trefjar fyrir þá sem þjást af óþægindum vegna lofts í maga. Einn af hverjum fimm fær þaninn maga einu sinni eða oftar í mánuði sem getur stafað af fæðuóþoli, streitu, fyrirtíðaspennu, tíðahvörfum eða lélegu mataræði. Því er gott að nota „One week Flat" til að draga úr neikvæðum áhrifum eins og uppþembu vegna grillmatar og sætinda sem fólk borðar gjarnan yfir sumarmánuðina. Einnig höfum við heyrt



**GÓÐUR ÁRANGUR** Marta Eiríksdóttir jógakennari hefur góða reynslu af OptiBac Probiotics-trefjunum og notar „One week Flat" til að fá flatan maga. MYND/DANÍEL

að „One week Flat" sé vinsælt fyrir brúðkaup og veislur til að líta betur út í kjólnum svo maður tali nú ekki um sundferðirnar."

**VÍSINDALEGA SANNAÐ**

OptiBac Probiotics er ný lína af meltingargerlum með vísindalega sannaðri virkni í meira en þrjátíu klínískum rannsóknum.

Aðrar gagnlegar vörur frá OptiBac Probiotics eru:

**„Bowel Calm"** (Saccharomyces Boulardii) stoppar niðurgang á náttúrulegan og fljótvirkan hátt og er áhrifaríkt gegn gersveppaóþoli (Candida).

**„Optibac for Every Day"** (extra sterkur) inniheldur 20 milljarða lifandi bakteríá í dagskammti. Bakteríurnar hafa verið ítarlega rannsakaðar í yfir 75 klínískum rannsóknum. Virkar vel gegn gersveppaóþoli (Candida) og iðrabólgu (IBS), sem hrjáir tuttugu prósent manna.

**„Bifidobacterium BB12"** með trefjum virkar vel gegn hægðatregðu og kemur meltingu í eðlilega virkni. Gott fyrir alla og öruggt fyrir konur á meðgöngu og börn frá eins árs aldri.

**„Optibac For traveling abroad"** inniheldur mikið magn af góðum gerlum fyrir meltinguna en einnig Saccharomyces Boulardii sem stoppar niðurgang og hjálpar líkamanum að losa sig við óæskilegar bakteríur á náttúrulegan hátt.




## HVAR FÆST OPTIBAC PROBIOTICS?

**Optibac Probiotics fæst á eftirfarandi stöðum: Lyf og heilsa, Apótekarinn, Lyfsalinn, Lyfjaver, Lyfjaval, Reykjavíkur-apótek, Apótek Vesturlands, Apótek Suðurnesja, Árbæjarapótek, Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar, Urðarapótek, Rimaapótek, Garðsapótek og Apótek Ólafsvíkur.**

**For a Flat Stomach breytist í One week Flat. Nákvæmlega sama varan en undir nýju heiti. Ný sending er komin í verslanir. Síðasta sending seldist upp.**


















# DÝR ÆTTI EKKI AÐ SKILJA EFTIR HEIMA

**HEIMILISDÝR** *Gæludýr geta ekki verið ein heima meðan húsbændurnir fara burt í sumarfrí. Best er að fá velviljaða vini eða ættingja til að annast dýrin.*

Það er aldrei ásættanlegt að skilja gæludýr eftir eitt þegar farið er í sumarfrí og beinlínis ljótt að skilja dýr eftir heima," segir Hallgerður Hauksdóttir, formaður Dýraverndarsambands Íslands (DÍS).

Hallgerður bendir á nýja reglugerð í dýraverndunarlögum þar sem kveðið er á um að hundar séu ekki skildir eftir einir lengur en sex klukkustundir.

„Hundar eru mjög háðir manninum og hluti af fjölskyldunni. Þeir eru raunar eina dýrið sem er beinlínis til fyrir tilstuðlan mannsins og hafa þróast með honum frá því hann tók sér úlfa til fylgdar fyrir þúsundum ára. Best er því að skilja hunda eftir hjá fólki sem þeir þekkja því hundar geta orðið miður sín af hótelvist með vélrænni umönnun hjá ókunnugu fólki."

Öðru máli gegni um ketti. „Kettir vilja helst vera heima hjá sér og á sínu yfirráðasvæði. Ellegar geta þeir strokið við fyrsta tækifæri. Best er að velviljaður vinur búi hjá kisa meðan á fríinu stendur en þó slyppi að sá hinn sami kæmi til að klappa kettinum og gefa að morgni og horfði svo til dæmis á sjónvarpið hjá kisa á kvöldin til að halda honum félagsskap."

## SMÁDÝRAHÓTEL ÓSKAST

Hallgerður segir gæludýr hafa ríka félagsþörf og því dugi ekki eingöngu að fóðra dýrin.

„Gæludýrahald snýst ekki um það eitt að halda dýrunum á lífi heldur þarf að gefa sig að þeim og hlúa að þeim. Því er áríðandi í upphafi að gæludýraeigendur geri sér grein fyrir hvað þeir ætli að gera við dýr sín í fríum."



Á Íslandi skorti sárlega smádýrahótel og dýravænni hótel en tíðkast hafa.

„Smádýrum, eins og hömstrum, músum, naggrísum og fuglum, er auðveldara að koma í pössun því þau ferðast um í búrum sem eru í raun heimili þeirra. Hins vegar gefum við smádýrum oft ekki nógu mikinn gaum og stundum eru þau geymd og gleymd úti í horni,"



**DÝRAVINUR** Hallgerður Hauksdóttir er formaður Dýraverndarsambands Íslands. MYND/GVA

segir Hallgerður og nefnir naggrísi og fugla sem dæmi um smádýr sem fari illa út úr félagslegri vanrækslu ef dýrin eru haldin ein.

„Þegar fugl er hávær og eigendurnir fara að breiða yfir búr hans í tíma og ótíma er verið að misnota nótt og dag fuglsins og valda honum vanlíðan. Þá er kurteisara gagnvart fuglinum að flytja hann í næsta herbergi í bili. Það sama á við naggrísinn sem er mikil félagsvera og verður einmana án daglegra samskipta við manninn, getur veslast upp af einsemd og hreinlega drepist."

## ALMENNINGI TREYST FYRIR DÝRAVERND

Samkvæmt nýjum lögum um dýravernd er sú skylda lögð á fólki á herðar að það kynni sér vel hvaða þarfir dýrið hefur og sinni þeim.

Hallgerður segir erfitt að hafa eftirlit með dýrahaldi á heimilum landsmanna.

„En á sama hátt og við treystum almenningi til að tilkynna illa meðferð á börnum treystum við hinu sama þegar kemur að vanrækslu dýra. Slíkt ber að tilkynna til Matvælastofnunar (MAST) sem grennslast þá fyrir um dýrin. Í slíkri tilkynningu felst ekki ákæra heldur ábending og ósk um að aðstæður dýrs séu kannaðar."

Hún segir Íslendinga almennt vera góða við gæludýr sín og þegar gæludýrum sé illa sinnt sé yfirleitt pottur brotinn hjá viðkomandi gæludýraeigendum, andlega eða siðferðislega.

„Sem betur fer er fátítt að dýr séu skilin eftir ein svo dögum skiptir enda er það ill meðferð á dýrum og byggir á mikilli vanþekkingu. Því miður er eitthvað um að dýr séu skilin eftir ein og umkomulaus á heiðum þegar fólk þarf að losa sig við þau og enn er til í dæminu að fólk drekki dýrum sínum. Það er með öllu ólöglegt og hefur fólk hlotið dóm fyrir."

Hallgerður segir búrfiska einu gæludýrin sem geti verið ein svo vel sé, með traustu matarskömmtunarkerfi.

„Þó ber að benda á þá skyldu að vitja allra gæludýra. Margt getur farið úrskeiðis, matarskammtari getur stíflast og dæla bilað. Sé ekki að gætt gætu allir fiskarnir verið dauðir við heimkomu eigendanna. Það er ekki góð heimkoma úr fríi."

thordis@365.is

**EINMANA** Hallgerður segir hunda geta orðið taugaveiklaða á hundahótelum með vélrænni umönnun. Dýrahjálp Íslands hjálpar til við að miðla dýrum og finna þeim nýtt heimili ef eigendurnir flytjast búferlum.

## BÍLAR & FARARTÆKI

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



Kia cee'd h/b EX 1.6 crdi. Árgerð 2013, ekinn 10 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.970.000. Rnr.210390. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



HONDA Cr-v lifestyle. Árgerð 2012, ekinn 48 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.690.000. Rnr.240080.



AUDI A4 sedan 130 hö.. Árgerð 2005, ekinn 112 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Rnr.141097.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

hjól.is bestir í hjólum...



Yamaha Fazer 600 árgerð 2008 ek 3 þús km. Rnr 125211 Ásett verð 1050 þús. gsm 7836365

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

TOPPBÍLAR



MERCEDES-BENZ G GL 320 CDI 4matic. Árgerð 2007, ekinn 107 Þ.KM, Dísel, sjálfskiptur. 1 eigandi frá upphafi. Innfluttur af Öskju Verð 7.690.000. Rnr.336702.



Peugeot 207 Turbo. Árgerð 2007, ekinn 72 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.590.000. Tilboð 1.350.000.- Stgr Rnr.336572.



Toyota Sienna LE. Árgerð 2008, ekinn 88 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Tilboð 2.790.000.- Stgr Rnr.380464.



Honda Cr-v. Árgerð 2005, ekinn 137 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.490.000. Rnr.336698.



Mazda 3 h/b t Plus. Árgerð 2008, ekinn aðeins 64 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.890.000.Tilboð 1.690.000.- Stgr Rnr.336704.



HYUNDAI I30 Style. Árgerð 2007, ekinn 77 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Leður - Lúga ofl. Verð 1.890.000. Tilboð 1.590.000.- Stgr Rnr.133292.



HYUNDAI Terracan. Árgerð 2004, ekinn 167 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.350.000. Rnr.380650.

TOPPBÍLAR



Honda Cr-v. Árgerð 2008, ekinn 82 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.190.000. Tilboð 2.950.000.- Stgr Rnr.380612.



BMW 530d. Árgerð 2007, ekinn 123 Þ.KM, Dísel, sjálfskiptur. Verð 4.690.000.Tilboð 3.990.000.- Stgr Rnr.286388.



Dodge Ram 1500 Hemi. Árgerð 2004, ekinn 169 Þ.Km, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Tilboð 1.190.000. Stgr Rnr.336684.

**Toppbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN



A-LINER COLUMBIA EXPEDITION Árgerð 2003, sólasella, yfirbreiðsla, sólskyggni og fortjald. Verð 1.390.000. TILBOÐ 1.190.000 kr. Raðnr.252352 á www.BILO.is - Upptjaldað á staðnum!

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

BÍLAHÖLLIN S: 567-4949



Nissan Leaf SV 2012 keyrður 12þ km - Tilboðsverð 2,79 M síma 567 49 49.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

100bilar.is bílasala



FELLIHÝSI!!, Okkur vantar fellihýsi og alla ferðavagna á staðinn og á skrá, Komdu á staðinn eða sendu okkur skráningu og myndir á 100bilar@100bilar.is og í síma 5179999, www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00, lokað lau**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus. is - S.5522000



**FRÁBÆR SPARIBAUKUR**

Nissan almera 1.5 árg. ,03 5dyra bsk ek. 140þ Sk. ,15 allur ný yfirfarinn. Verð 670þ TILBOÐ 390þ Visa/euro kortalán til 3 ára Uppls 777-3077

Seldur.is

**KAUPUM ALLA BÍLA HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**

Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.



Volvo S40 árg 2004. sjálskiptur,leðusæti,raf í öllu,sk''15 Verð 590þús stgr.Uppl 7825810.



Kia ceed LX beinskiptur ekinn 56.000 - sparneytinn og 4 ár eftir að ábyrgð. Ásett verð 2.100.000. Upplýsingar s.820-4705



Nissan Terrano II, árg.'99 33", Dísel, 7 m. Þarfnast lagf. Tilb. óskast. s.693 2687.



SKODA Octavia ambition 1.6 tdi. Árgerð 5/2013, ekinn 25 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.150.000. einn eigandi skoða skipti á ódýrari þetta er umboðsbíll í ábyrð er í síma 6914441



Can Am Renegade 2008 ek. 4500km götuskráð, hlaðið aukabúnaði, t.d tveir dekkjagangar á felgum gott stgr verð. Uppl. í s. 664 8581.

VW GOLF COMFORTLINE. Árg.12/2006, ek. 85 þ.km. Skoðaður ,14, ljósgrár, 5 dyra, beinsk, , álfelgur og glertopplúga. V.1.490 þ.kr. Uppl. í S. 848 2641.

Góður Aygo, 2006, til sölu. Ekinn 80 þús. Listaverð 1.000.000. S.895 5467


Barnaheill Save the Children á Íslandi




## til sölu




Var á strandveiðum 2012 - Mikið endurnýjaður, nýtt rafmagn í öllu, lagnir, lensidælur, nýr olíutankur ca. 1000 lítrar, nýleg tæki, bógskrúfa. Nýtt dekk í bátnum og upphækkaðar luningar. Nýlega yfirfarin vél og drif. Volvo penta 230 hestöfl. Ganghr. max 28 mílur. **Verðtilboð 5.9 millj. S. 8933040**

## til sölu

## Nýir rafmagnsgolfbílar á frábæru verði

- Hleðslumælir.
- Ljós.
- Stefnuljós.
- Bolta- og kylfuhreinsir.
- Kælibox.
- Hlíf fyrir kylfur ef rignir.
- Eigum til á lager svarta og hvíta golfbíla.



Verð 890.000.- m/vsk

**Upplýsingar í síma 898 0860 eða maggi@altak.is**

## til sölu

TERHI
*Bátar á sjó og vötn*

NÝ SENDING



**Vegna mikillar sölu er komin ný sending af Terhi bátum.**



**Þar á meðal nýtt model Terhi 445.**
Vinsamlega leitið upplýsinga hjá sölumönnum okkar.

**VÉLASALAN**
Til sjávar og sveita í 70 ár
**www.velasalan.is**
**S. 520 0000, Dugguvogi 4, 104 Reykjavík**

## til sölu


**Garðsláttufyrirtæki til sölu**

Hefur þjónustað húsfélög, fyrirtæki og einstaklinga í meira en 10 ár.
Góður tækja og vélakostur. Greiðslukjör.
Stór hluti viðskiptavina frá upphafi.
**Uppl. í síma 773-4700 og www.atv.is.**
**Fyrirtækjaala Íslands, Ármúla 19, 108 Reykjavík**


## skemmtanir


BOLTINN Í BEINNI

**Cafe Catalina**

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"



**STÓRSVEITIN UPPLYFTING SPILAR Í KVÖLD.**

*Allir velkomnir*

http://www.facebook.com/cafecatalina

Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu


## Húsnæði í boði

Til leigu mjög falleg 2 herb. tæplega 70 fm. íbúð í nýlegu húsi í vesturbæ Reykjavíkur (107) frá 10. ágúst, mánaðarleiga 160 þús. + hússjóður. Langtímaleiga kemur til greina. Ábyrgð þarf fyrir þriggja mánaða leigu. Reglusemi er skilyrði.Umsóknir sendist á leiguibudrvk@gmail.com"

**STÖÐ 2 ÓSKAR EFTIR...**
Stöð 2 vantar til leigu fallegt húsnæði til að taka upp sjónvarsauglýsingu í einn dag. Sanngjörn leiga í boði. Fleiri uppls. s. 847-6892, eða sveinnvidar@hive.is

Til leigu einstaklingsíbúð á sv. 201 Uppl. í s. 893 3475.

Tveggja til þriggja herbergja íbúð til leigu nærri Hlemmi. 155 þús á mán. Uppl. í S.8672984

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

**STÖÐ 2 ÓSKAR EFTIR...**
Stöð 2 vantar til leigu fallegt húsnæði til að taka upp sjónvarsauglýsingu í einn dag. Sanngjörn leiga í boði. Fleiri uppls. s. 847-6892, eða sveinnvidar@hive.is

## Atvinnuhúsnæði



Til leigu tvö samliggjandi 150fm iðnaðarbil með 5 metra lofthæð og háum innkeyrsludyrum. Um er að ræða nýlegt stálgrindarhús með hita í gólfi í Reykjanesbæ. Leigist á 800 kr fm. Uppl. gefur Óli í s. 822-1920.

Til leigu 150fm Iðnaðarhúsnæði á skemmuvegi í Kóp, Stórar innkeyrsludyr, lofthæð tæpir 4m, uppl. í síma: 699 0778.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

The Laundromat Cafe

The Laundromat Cafe seeks to hire experienced chefs for a full time job. please send a cv to laundromatcafe@gmail.com

**STÖRF Í AÐHLYNNINGU**
Sunnuhlíð, hjúkrunarheimili, auglýsir eftir starfsfólki í aðhlynningu. Störfin eru laus nú þegar eða eftir nánara samkomulagi.
**Upplýsingar veitir: Anna G. Gunnarsdóttir gsm 894-4127 eða anna@sunnuhlid.is**

**SJÚKRALIÐAR**
Sjúkraliðar óskast til starfa hjá hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð. Um er að ræða bæði 100% starfshlutfall og hlutastörf.
**Upplýsingar veitir: Anna G. Gunnarsdóttir gsm 894-4127 eða anna@sunnuhlid.is**

Heildsala miðsv.í Reykjavík óskar eftir starfsfólki til framburðar. Umsóknir sendist til thjonusta@365.is merkt „heildsala"

**PYLSUVAGNINN LAUGARDAL**
Auglýsir eftir rekstrarstjóra.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá á pylsuvagninn@gmail.com

Vinna í noregi - JV Bygg as Smiðir óskast í vinnu í noregi. Góðir möguleikar fyrir bæði þá sem vilja flytja út eða pendla á milli. Umsækjandi þarf að hafa lágmark 5 ára reynslu. Umsóknir sendast á vidar@hallgrimsson.no eda að hafa samband í síma +4790588024.

Vantar vana pappalagningamenn. Uppl. í s. 896 4947.

Vantar smiði í vinnu. Uppl. í s. 861 6700

Þarf laghentan þúsundþjalasmið til ýmissa verka á íbúðarhúsnæði, m.a. flísalögn og margt fleira. s.822-7799

## Atvinna óskast

23 ára reglusamur kk með vörubílapróf, og er að klára rútupróf, vantar vinnu strax. Hafið samband í síma 8492288 og/eða sendið á tjorvisch@gmail.com




GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



**heitt?**

Skrifstofur - tölvurými - tækniherbergi



**Loftkæling**

Verð frá kr. **149.990**

**Viftur**
Úrval af viftum, í öllum stærðum og gerðum. Skoðaðu úrvalið!



Verð frá kr. **9.990**

**Loftræsting**
Úrval af viftum til að loftræsta. Mikið úrval blásara á lager.



Elektrovent

**Kæliklefar**
Kælar/frystar. Allar stærðir. Úrval valmöguleika. Frábært verð.



Verð frá kr. **899.990**

**viftur.is** Landsins mesta úrval

1983 - 2013 30 ára reynsla

**íshúsið**
s:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata

# TRI Suðurlandsbraut 32

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND

ParkTool COMPRESSPORT Zoot LG GARNEAU SCHWALBE BROOKS

BORGUN TRI VERSLUN er nú að bjóða viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við Borgun.

~~589.990kr~~ ➤ 471.990kr

CUBE




# 20% afsláttur

AF ÖLLUM CUBE REIÐHJÓLUM & AUKAHLUTUM

# ÞÝSKIR DAGAR

14.JÚLÍ TIL 26.JÚLÍ, 2014

CRAFT **Sérstakur 15% afsláttur í júlí af öllum CRAFT vörum!** CRAFT

# WWW.TRI.IS

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

## Konráð og félagar á ferð og flugi 105

Bragi Halldórsson

Á himninum sáu þau hóp af fuglum á flugi en þeir voru svo lagt í burtu að þeir voru bara sem svartir skuggar að sjá. „Skyldu einhverjir af þessum skuggum vera alveg eins?“ spurði Konráð. „Ég skal!“ gall í Róberti. „Ég er með svo góða sjón.“ Hann rýndi með haukfránum augum á fuglahópinn. „Búinn að sjá þetta, tveir eru alveg eins, en ég segi ykkur ekki hverjir, þið verðið að leysa þetta sjálf.“ Það urraði reiðilega í Kötu en hún sagði ekki neitt, heldur rýndi hún í fuglahópinn. Hún skyldi sjá hverjir væru eins og láta Róbert ekki komast upp með þetta mont.



Getur þú séð hvaða tveir fuglar eru alveg eins?



## Brandarar

**Hvað er svart, hvítt, grænt, svart, hvítt?**
Tveir sebrahestar að slást um gúrku.

**Hvað er grænt og eldrautt?**
Mjög reiður froskur.

**Hvað er brúnt og svart og situr uppi í tré?**
Kúkur í leðurjakka.

**Hvað er gult, blátt og hvítt og situr uppi í tré?**
Hef ekki hugmynd en reynið að giska sjálf.

## TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is

## Lestrarhestur vikunnar

### Benedikt Þórisson 7 ára

Hvað er skemmtilegast við bækur? Að lesa þær og það er ekki erfitt nema þegar letrið er lítið.
Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún? Söguna um Svan. Bókin var skemmtileg, Svanur er góður strákur sem hjálpar öðrum.
Hvaða bók lastu á undan? Sögur af Frans. Sú bók var aðeins léttari. Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér? Bóbó bangsi, mamma og pabbi lásu hana mjög oft fyrir mig. Hvers lags bækur þykja þér skemmtilegastar? Ævintýrabækur. Í hvaða skóla gengur þú? Austurbæjarskóla. Ferðu oft á bókasafnið? Já, nokkuð oft. Hver eru þín helstu áhugamál? Fótbolti, ég æfi með Val og er í sjöunda flokki. Ég fylgdist líka með heimsmeistarakeppninni og hélt bæði með Argentínu og Þjóðverjum. Ertu búinn að lesa Móa hrekkjusvín: kúreki í Arisóna eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur? Bara fyrsta kaflann.



**GÓÐIR BRÆÐUR** Benedikt sjö ára og Bjartur fimm ára.

*Að venju efna Borgarbókasafn og Reykjavík Bókmenntaborg til sumarlesturs á meðal barna. Fyrir hverja lesna bók skrá lesendur nafn sitt og titil bókarinnar á þar til gerða miða og skila í kassa sem eru í öllum söfnum Borgarbókasafns. Vikulega er dregið eitt nafn úr kassanum og Lestrarhestur vikunnar útnefndur, sem hlýtur bók að launum frá Forlaginu.*

# Finnst stökkið langskemmtilegast

**Selma María Jónsdóttir er tólf ára og hefur stundað hestamennsku síðan hún var fjögurra ára. Hún er þaulvanur keppnisknapi, keppti á Landsmóti hestamanna og æfir nú af kappi fyrir Íslandsmót.**

**Hvenær byrjaðir þú að stunda hestamennsku?**
„Pegar ég var fjögurra ára byrjaði ég af alvöru í hestamennskunni. Fjölskyldan mín er í hestunum og ég byrjaði að ríða út alveg ein sex ára þegar ég fékk fyrsta hestinn minn, hann Síríus.“

**Hvað heitir hesturinn þinn?**
„Hann heitir Sproti og er tólf vetra. Hann er algjört æði.“

**Hvernig gekk á landsmótinu?**
„Mér gekk mjög vel á landsmótinu – ég var í 3. sæti eftir milliriðla og fór þá beint í A-úrslit, en svo endaði ég í 6. sæti í úrslitum.“

**Hvaða grein ætlar þú að keppa í á Íslandsmótinu?**
„Ég mun keppa á tveimur hestum í fjórgangi og svo í töltinu líka.“



**HESTAKONAN** Selma María veit ekkert skemmtilegra en hestamennskuna.
MYND/ÚR EINKASAFNI

**Hvað er erfiðast og skemmtilegast við hestamennskuna?**
„Það er eiginlega erfiðast að vera í burtu frá hestunum. Það skemmtilegasta við hestamennskuna er að vera innan um hestana, ríða út, kemba og hugsa um þá.“

**Hver er skemmtilegasta gangtegundin?**
„Mér finnst stökkið langskemmtilegast.“

**Ferðu í hestaferðalög og hvernig er það?**
„Já, við ríðum mikið út í sveitinni á sumrin og förum í hestaferðir, en svo er ég núna í sveit á Álfhólum hjá frænkum mínum og þá erum við stundum í hestaferðum og rekum hestana. Mér finnst það mjög skemmtilegt.“



**Hversu mikið æfir þú þig fyrir keppni?**
„Ég æfi allan veturinn fyrir ýmis mót en sérstaklega æfi ég fyrir hvert og eitt mót, í svona sirka tvær vikur fyrir hvert.“

**Hefurðu einhvern tíma lent í slysi á hestinum?**
„Já, ég var átta ára þegar ég datt af Síríusi, hestinum sem ég átti áður. Þá lenti ég beint á andlitinu og var í sex klukkutíma á slysó eftir það. Það þurfti að sauma og hreinsa skurð sem ég fékk á andlitið og þurfti að kalla út lýtalækni svo þetta væri nógu vel gert, þetta var svo stórt sár. En það gekk allt vel og sést ekkert í dag.“

**Ætlarðu að halda áfram að stunda hestamennskuna þegar þú eldist?**
„Já, að sjálfsögðu, þetta er svo skemmtilegt sport.“


HUNDRUÐIR VARA!
RISA
SUMARÚTSALAN
STÆKKAR!
BÆTUM VIÐ VÖRUM DAGLEGA
Nú má skoða útsöluvörurnar líka á byggtogbuid.is
20-90% afsláttur!
KAFFIVÉLAR, ELDHÚSÁHÖLD, POTTAR OG PÖNNUR, VÖFFLUJÁRN, BLANDARAR, DISKAR OG GLÖS, HEILSUGRILL, BORÐBÚNAÐUR, SAFAPRESSUR, BÖKUNARVÖRUR, RYKSUGUR, SUMAR- OG GRILLVÖRUR, BRAUÐRISTAR, HRAÐSUÐUKÖNNUR, ELDFÖST MÓT, HITAKÖNNUR OG BRÚSAR, BAÐVOGIR OG MARGT FLEIRA!
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid
Nú má skoða útsöluvörurnar líka á byggtogbuid.is
Líkaðu við okkur á Facebook: www.facebook.com/byggtogbuid

# KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
1. Eftir gott djamm pantar ein útsmogin taxa fyrir slompaðar (10)
6. Þeir sem alltaf eru í hópnum borða ekki neitt (9)
11. Tímabundinn lager undir rjúpu og ref (18)
12. Þú þarft næði Robbi, það er greinilegt (6)
13. Fara bæði hægt og hratt með söguhetju Péturs Gunnarssonar (5)
14. Greinir veginn sem bara sumar rútur mega aka (10)
15. Ætli nokkuð trufli, spyr þessi í lengri kantinum (6)
16. Næsta orð/fyrirbæri: Fall (5)
17. Nei, þær voru skotnar á leið vagns númer 9 (7)
19. Voða læti vegna smá skarðs og svolítillar uppákomu (6)
21. Höldum okkur við ákveðna og trausta (8)
22. Fljót kæfir allar aðfinnslur (7)
24. Rúið og stúið gerir mig glaðan (7)
25. Átök á tímum hænsnfugla (8)
29. Sú næsta sér sætan í uppnámi (5)
30. Aðeins að auðmýkja (3)
33. Máltíðin afhjúpar táknkerfið (10)
34. Læt krús hjá parinu (7)
35. Snyrti óþekktan og uppgefinn (5)
36. Sonur Belgíu og Hollands (10)
37. Græddu á því sem grætt var á (7)
40. Hafsjór af þvotti og snúrur líka (6)
42. Leita flóa milli ýfðra fjaðra (6)
45. Bætti góðgæti á hlaðborð hnossgætis (8)
46. Afinn fór um dal einn ákveðinn og afskekktan (8)
47. Fórstu á hausinn af því þú veltir ekki nógu miklu? (8)
48. Basl fyrir brjálaða aumingja (6)

**LÓÐRÉTT**
1. Guð villimanna heimtar súru (9)
2. Fæ aðstoð við að finna leiði fyrir þau sem dóu, þakka hjálpsemina (12)
3. Upp er runninn tími taktsins og hafragrautsins (9)
4. Færir Óðni besta bitann, þvílík óeigingirni! (10)
5. Munstra þá sem völdin hafa (8)
6. Gripi grípur og gjald heimtar (8)
7. Þessi völlur tilheyrir Sambandinu segir einn sem aldrei fær nóg (9)
8. Þessi telur alla fæðu fullkomlega boðlega (5)
9. Lausir endar einkenna ringlaðar sem engum árangri ná (11)
10. Vandræðasókn, en verður að duga (11)
16. Gaufa með fóstra Haraldar Hárfagra (5)
18. Hér segir frá því sem beðið var um og undan (10)
20. Ferðumst með rútum (5)
21. Tuskulegur úrgangsormur (9)
22. Er fólk hamingjusamt ef það bara hefur nóg? (5)
23. Uppnám atóma má rekja til kjarna þeirra (8)
26. Ég smurði stýrið, en finnur þú grænmetið? (10)
27. Bakkelsi er bakari má aldrei baka/ólystug í eyrum mínum/einsog slumma' úr munni þínum (7)
28. Geng í stúkuna eða sambærilegan félagskap (7)
30. Nei, ég er ekki dólgur, ég er að tala um þær sem sitja yfir ánum (8)
31. Á ég málningardósir? Það má sjálfsagt deila um það (8)
32. Hvort viltu íspinnann eða litla grýlukertið? (8)
38. Tærar leita einnar óruglaðrar sem nærast má á (5)
39. Slóra þegar ég föndra (5)
41. Af því sem fanga má í borg englanna (4)
43. Finnum frið og frjóan svörð, kjöraðstæður kærleikans (4)
44. Af þeim leggur des af dálitlum broddi (4)



Lausnarorð síðustu viku var
**SKEMMTIFERÐASKIP**

FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Átta gönguleiðirí nágrenni Reykjavíkur eftir Einar Skúlason frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Linda Leifsdóttir, Reykjavík.**




## LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist hreinlegt og sumarlegt barnagaman. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 23. júlí næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „19. júlí".




**FRÓÐLEIKURINN** HANAKAMBURINN **var endurvakinn með tilkomu pönkmenningarinnar upp úr 1970.**



# Hanakamburinn 2.300 ára



Hanakambur er hárgreiðsla þar sem báðar hliðar höfuðsins eru rakaðar og skilin er eftir rönd af lengra hári fyrir miðju.

Það er talið að hanakamburinn, sem á ensku kallast mohawk eða mohican, komi frá Norður-Ameríku. Á enskri tungu er hann kenndur við Móhíkana-indíánaættflokkinn (e. Mohawk) sem kann þó að vera vafasamt því vitað er að hanakambur var í tísku hjá Wyandot-indíánum mun fyrr. Tengingin kemur þó mun síðar, og úr Hollywood, úr hinni klassísku kvikmynd Drums Along the Mohawk, með Henry Fonda í aðalhlutverki.

Árið 2003 fundust 2.300 ára gamlar líkamsleifar manns í Clonycavan á Írlandi. Maðurinn sem kenndur var við fundarstaðinn hafði hanakamb á höfðinu. Því gæti vel verið að það sé ævaforn siður að vera með hanakamb.

Á tuttugustu öld var hanakamburinn endurvakinn með tilkomu pönkmenningarinnar upp úr 1970. Þá var kamburinn oft litaður með margvíslegum litum og kambbrúnirnar gerðar oddhvassar.

Heimsmetið fyrir lengsta hanakambinn hefur Kazuhiro Watanabe, en hanakamburinn hans nær rúmlega 1,1 metra upp í loftið.


MIKIÐ ÚRVAL - NORTH ROCK - ÚTIVISTAR- OG ÍÞRÓTTAFATNAÐUR
LAGER
SALA
NORTH ROCK
- REGNSETT - HLAUPAFATNAÐUR - BARNAS
GÆÐI &
Hlý og lipur úlpa
með 5000 mm vatnsheldni
Kr.15000
AKTIV jakkar
5500 kr
dömu & herra
Frábært í Golfið
8000 mm
vatnsheldni
Útivistarbuxur
8500 kr
100% Merino-ull
Börn-dömur & herrar
Verð frá 3500-5500 kr
GRI SPORT
Leðurgönguskór
VIBRAM SÓLI
14000 kr
NÝ VARA NÝ VARA NÝ VARA NÝ VAR
Kr.
4500
Dryfit bolur
NÝTT
Dryfit buxur
5500 kr
NÝTT
NÝTT Dryfit bolur
2500 kr
Hlaupabuxur
5000 kr
NÝTT
Kr.
6000
Flísjakkar dömu & herra
Kr.
4000
NÝTT Dryfit bolur
NÝTT Dryfit bolur
3000 kr
OPNUNARTÍMI
19.JÚLÍ LAUGARD. KL.12-17
20.JÚLÍ SUNNUD. KL.12-16
-NÝTT-
-KORTATÍMABIL-
Víkurhvarf 2 - Kópavogur
-sama hús og Fjölsmiðjan



✝

Okkar ástkæra

**SIGRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Langholtsvegi 78,**

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 22. júlí kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningarsjóð líknardeildar og heimahlynningar Landspítalans.

**Gunnar Bernhard**
**Ragna G. Gould** **Richard Gould**
**Guðmundur Geir Gunnarsson** **Ingibjörg Snorradóttir**
**Gylfi Gunnarsson** **Dóra Bjarnadóttir**
**Edda Gunnarsdóttir** **Sveinn Ásgeir Baldursson**
**Gunnar Gunnarsson** **Bergljót Ylfa Pétursdóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**BIRGIR J. JÓHANNSSON**
**tannlæknir,**
**Hvassaleiti 58, Reykjavík,**

lést fimmtudaginn 10. júlí.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 23. júlí kl. 13.00.

**Guðrún Birgisdóttir** **Chuck Mack**
**Jónas B. Birgisson** **Stella Guðmundsdóttir**
**Halldór Úlfarsson**
**Sigrún Birgisdóttir** **Óskar Baldursson**
**Haukur Birgisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar,

**SAMÚEL GRÉTAR HREINSSON**
**skipstjóri og forstjóri í Bremerhaven,**

lést 14. júlí. Jarðarförin fer fram í Bremerhaven í Þýskalandi 23. júlí kl. 13.00.

**Fyrir hönd ástvina,**
**Friðrik Hreinn Samúelsson**
**Samúel Grétar Samúelsson**

















✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýju við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður og afa,

**KJARTANS JÓHANNESAR ÞORGEIRSSONAR**

Sérstakar þakkir til heimahjúkrunar Karitas.

**Sólborg Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Kjartansson** **Auður Anna Pedersen**
**Sigríður Kjartansdóttir** **Lars Landgren**
**Valur Geir Kjartansson** **Viktoría S. Ámundadóttir**
**Þorgeir J. Kjartansson** **Anna Katrín Eiríksdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



✝

Hjartans þakkir færum við öllum sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæru

**STEINVARAR SIGURÐARDÓTTUR**
**Diddu,**
**Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði.**

Starfsfólki á deild B2 á LHS í Fossvogi sendum við bestu þakkir fyrir einstaka þjónustu og alúð. Guð blessi ykkur öll.

**F.h. aðstandenda,**
**Guðrún Einarsdóttir**
**Jenný Einarsdóttir** **Hjalti Sæmundsson**
**Sigurður Einarsson** **Sólveig Birna Jósefsdóttir**
**Þórður Einarsson** **Guðbjörg Óskarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ELÍSA MARGRÉT JÓNSDÓTTIR**
**hjúkrunarheimilinu Skjóli,**
**Kleppsvegi 64,**
***áður Bólstaðarhlíð 40, Reykjavík,***

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli 14. júlí. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 22. júlí kl. 13.00.

**Ingibjörg Sigurjónsdóttir** **Guðmundur Sigurpálsson**
**Ásthildur Sigurjónsdóttir** **Jón Stefánsson**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**



✝

Elskulegur faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN GUÐMUNDSSON**
***áður Torfufelli 25, Reykjavík,***

lést 6. júlí á Hrafnistu í Reykjavík. Útför hans fer fram frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 22. júlí kl. 13.00.

**Sverrir Jónsson** **Rannveig Sigurgeirsdóttir**
**Ásdís Jónsdóttir** **Þorleifur Gíslason**
**Garðar Arason** **Ingibjörg Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**EGGERT JÓHANNESSON**
**Hrafnistu, Kópavogi,**
***áður Kirkjuvegi 17, Selfossi,***

lést þriðjudaginn 15. júlí. Minningarathöfn fer fram laugardaginn 26. júlí í Kirkjuhvammskirkju í Vestur-Húnavatnssýslu kl. 14.

**Auður Hauksdóttir**
**Ólöf Lilja Sigurðardóttir** **Davíð Björnsson**
**Jóhannes Eggertsson**
**Baldvin Eggertsson**
**Kjartan Haukur Eggertsson** **Guðrún Þóra Jónsdóttir**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



✝

Okkar ástkæra

**GYÐA KRISTÓFERSDÓTTIR**
**Maríubakka 16, Reykjavík,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 15. júlí. Jarðarförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 24. júlí kl. 15.00.

**Melkorka Ýr Jóhannsdóttir**
**Alda Guðmundsdóttir** **Kristófer Valgeir Stefánsson**
**Stefán Kristófersson** **Katrín Svava Jónsdóttir**
**Kolbrún Alda Stefánsdóttir**
**Jón Valgeir Stefánsson**



✝

Útför elskulegs sonar okkar, stjúpsonar, bróður, barnabarns og barnabarnabarns,

**ANDRA FREYS SVEINSSONAR**

fer fram frá Grafarvogskirkju þann 24. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð. Þeim sem vilja minnast hans er bent á vökudeild Landspítalans.

**Harpa B. Brynjarsdóttir** **Sigurjón Guðmundsson**
**Sveinn A. Sigfússon (Denni)** **Hulda Guðjónsdóttir**
**Anton I. Sveinsson, Aldís E. Sveinsdóttir, Írena Þ. Sveinsdóttir,**
**Freydís K. Sveinsdóttir, Guðmundur Í. Sigurjónsson,**
**Daniel O. Viney, Ásgeir Sigurjónsson, Leó S. Sigurjónsson,**
**Hildur B. Sigurjónsdóttir**
**Helga Guðmundsdóttir** **Þórir Ólafsson**
**Brynjar Kvaran** **Ingibjörg Fjölnisdóttir**
**Hrafnhildur Þórarinsdóttir**
**Axel Kvaran** **Ósk Kvaran**
**Guðmundur Kristinsson**



✝

Okkar heittelskuð,

**GUNNHILDUR SVANA SIGURÐARDÓTTIR**
**Brekkutanga 20, Mosfellsbæ,**

lést á Landspítalanum mánudaginn 14. júlí. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 22. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar afþökkuð. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á kvennadeild Landspítalans.

**Sigurður Egilsson**
**Pétur Korneliusson**
**Sigurður Pétursson** **Jennifer Pétursson**
**Haraldur Pétursson** **Hrund Scheving**
**Bragi Sigurðsson** **Sigríður E. Bjarnadóttir**
**Þórður Sigurðsson** **Edda Björnsdóttir**
**Oddný Gunnarsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**KOLBRÚNAR ÁRMANNSDÓTTUR**
**frá Tindum, Neskaupstað,**
**Funalind, Kópavogi,**

sem andaðist á Landspítalanum í Fossvogi fimmtudaginn 26. júní. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki heimahlynningar Karítas og starfsfólki bráða- og lyflækningadeildar Landspítalans í Fossvogi fyrir alúð og ómetanlega umönnun.

**Hallveig Hilmarsdóttir** **Ingimundur Sigurpálsson**
**Birna Hilmarsdóttir** **Gústaf Samir Hasan**
**Tómas Hilmarsson** **Valgerður Halldórsdóttir**



✝

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**BALDUR HALLDÓRSSON**
**skipasmiður,**
**Hlíðarenda, Akureyri,**

lést á öldrunarheimilinu Hlíð fimmtudaginn 10. júlí. Hann verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju föstudaginn 25. júlí kl. 13.30. Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á öldrunarheimilið Hlíð.

**Ingvar Baldursson** **Jónína Valdemarsdóttir**
**Ólafur Lárus Baldursson** **Jóhanna Lára Árnadóttir**
**Baldur Örn Baldursson** **María Arnfinnsdóttir**
**Halldór Guðmundur Baldursson** **Anna Katrín Þórsdóttir**
**Sigurður Hólmgeir Baldursson** **Hildur Magnúsdóttir**
**Ingunn Kristín Baldursdóttir** **Helgi Pálsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# SUMARFRÍ?

*Hvort sem þú ert á leið í ferðalagið eða hefur það kósí heima færðu það sem þú þarfnast í Iceland*

**1098** kr. kg.
LAMBALÆRI – FROSIÐ FJALLALAMB

**1698** kr. kg.
LAMBAHRYGGUR – FROSIÐ FJALLALAMB

**1098** kr. pk.
HAMBORGARAR OG STÓR BRAUÐ 4 STK. 115 G

**99** kr. stk.
PEPSI MAX, PEPSI OG APPELSÍN 0,5 L

**598** kr. pk.
TWIX/SNICKERS/MARS ÍS 6 STK. TOFFEE CRISP ÍS 4 STK.

**498** kr. pk.
MAGNUM CLASSIC/WHITE/MINT 3 STK. Í HVERJUM KASSA

**298** kr. pk.
MALTESERS/CADBURY SÚKKULAÐIDRYKKIR

**298** kr. pk.
CALYPSO ÁVAXTASAFI 6 Í PK.

Verð birt með fyrirvara um prentvillur. Gildir á meðan birgðir endast.

PIPAR\TBWA • SÍA • 141971

## OG ALLS KONAR NAUÐSYNJAVÖRUR Á GÓÐU VERÐI

| Verð | Vara |
|---|---|
| 598 | Þungunarpróf |
| 898 | Fairy All in One uppþvottavélatöflur 24 stk. |
| 998 | Þvagfærasýkingarpróf 3 stk. |
| 1398 | Rodalon sprey 750 ml Eyðir bakteríum og sveppum |
| 1898 | Rodalon sótthreinsir 1 l Innandyra |
| 1998 | Rodalon sótthreinsir 1 l Utandyra |

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland




Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.




**ÞÚ SPARAR 20.000 KR.**

Vnr. 50630085
OUTBACK Meteor
gasgrill, rautt,
3 brennarar, 8,64 kW.

**49.995 kr.**

FULLT VERÐ: 69.995 kr.




**ÞÚ SPARAR 22.000 KR.**

Vnr. 50630086
OUTBACK Hunter
gasgrill, grænt.
3 brennarar, 11,88 kW.

**55.995 kr.**

FULLT VERÐ: 77.995 kr.

# LAGERHREINSUN

## Á VÖLDUM SUMARVÖRUM!

**GERÐU GÓÐ KAUP!**

**BYKO**

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



**ÞÚ SPARAR 10.000 KR.**

Vnr. 50632142
Gasgrill án þrýstijafnara,
6,1 kW.

**19.995 kr.**

FULLT VERÐ: 29.995 kr.

**ÞÚ SPARAR 1.000 KR.**



Vnr. 42373699
Grillsett, 4 stk.

**3.995 kr.**

FULLT VERÐ: 4.995 kr.

**ÞÚ SPARAR 1.000 KR.**



Vnr. 42373651
Grillsett, 3 stk.
með tréskafti.

**2.995 kr.**

FULLT VERÐ: 3.995 kr.



**ÞÚ SPARAR 8.000 KR.**

Vnr. 50657522
GRILLPRO gasgrill,
7,3 kW.

**27.995 kr.**

FULLT VERÐ: 35.995 kr.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa



| KL. 20:10

**Kjarnakonur**

Kolbrún Björnsdóttir ræðir við konur sem stýra fyrirtækjum og kynnist þeim í gegnum líf og störf.

# Fjölbreytt mánudagskvöld

| KL. 19:15

**Sjálfstætt fólk**

Í kvöld sýnum við þátt frá 2005 í minningu um Vilhjálm Hjálmarsson, bónda og fyrrverandi þingmann, sem féll nýverið frá.



| KL. 21:20

**The Leftovers**

Spennuþættir frá HBO með Frank Harts, Michael Gaston, Liv Tyler og Justin Theroux í aðalhlutverkum.



| KL. 22:10

**Crisis**

Bandarísk spennuþáttaröð um mannræningja sem ræna börnum valdamestu manna Bandaríkjanna.



| KL. 20:30

**Eldsnöggt með Jóa Fel**

Sjónvarpskokkurinn og bakarameistararinn Jói Fel deilir girnilegum uppskriftum af hjartans lyst.



Krakka Stöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



| KL. 21:50

**The Vampire Diaries**

Þriðja þáttaröðin um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem reynist vera vampíra.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | 7 | | 1 | 4 | 6 |
| | | 5 | | | 9 | 3 | 7 | |
| 6 | 3 | | | | | | | 2 |
| | | 9 | | | 1 | | | |
| | | | 5 | 3 | | | | |
| | 6 | | 7 | | 2 | | | |
| 4 | 2 | | | | | | 9 | 3 |
| 8 | 7 | 6 | | | | 5 | | 4 |
| | | | 8 | | | 7 | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | | 3 | | 7 | | 2 | |
| | 2 | | | 4 | | 9 | | 5 |
| | | | | | 2 | | | 6 |
| 7 | | 9 | 4 | 2 | | | | |
| | | 1 | | | 9 | 2 | | |
| | 4 | | 8 | 6 | 1 | | | 3 |
| | | | | | | | 5 | 2 |
| | | 7 | | | | 4 | 1 | |
| | 8 | | 1 | | 5 | | | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | 7 | | | | | | |
| 6 | | | 7 | | 4 | | | |
| | | 3 | | | 5 | | | 7 |
| 1 | 3 | 5 | 8 | | | | 4 | |
| | | 4 | 1 | | 6 | | 7 | |
| | | | 4 | | | | 3 | |
| | | 8 | 5 | 7 | 9 | 6 | | |
| | | | | 8 | | | 5 | 4 |
| | | | | | | | 2 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 4 | 8 | 9 | 5 | 3 | 1 | 6 |
| 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 6 | 7 | 5 | 4 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 3 | 7 | 8 | 9 | 2 |
| 5 | 3 | 1 | 7 | 6 | 4 | 9 | 2 | 8 |
| 9 | 8 | 7 | 2 | 1 | 3 | 4 | 6 | 5 |
| 4 | 6 | 2 | 5 | 8 | 9 | 1 | 7 | 3 |
| 2 | 1 | 5 | 9 | 4 | 8 | 6 | 3 | 7 |
| 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 1 | 2 | 4 | 9 |
| 6 | 4 | 9 | 3 | 7 | 2 | 5 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 5 | 2 | 9 | 7 | 4 | 1 | 3 | 6 |
| 3 | 4 | 9 | 5 | 6 | 1 | 8 | 7 | 2 |
| 6 | 7 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 | 5 |
| 4 | 8 | 5 | 6 | 9 | 7 | 3 | 2 | 1 |
| 7 | 2 | 6 | 1 | 8 | 3 | 9 | 5 | 4 |
| 9 | 1 | 3 | 4 | 2 | 5 | 6 | 8 | 7 |
| 5 | 6 | 8 | 2 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 |
| 2 | 9 | 7 | 3 | 4 | 6 | 5 | 1 | 8 |
| 1 | 3 | 4 | 7 | 5 | 8 | 2 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 9 | 5 | 2 | 1 | 4 | 7 | 3 |
| 2 | 5 | 3 | 7 | 9 | 4 | 8 | 6 | 1 |
| 4 | 1 | 7 | 3 | 6 | 8 | 5 | 9 | 2 |
| 5 | 7 | 2 | 8 | 1 | 9 | 6 | 3 | 4 |
| 3 | 4 | 1 | 2 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 |
| 6 | 9 | 8 | 4 | 3 | 7 | 1 | 2 | 5 |
| 7 | 2 | 5 | 1 | 8 | 3 | 9 | 4 | 6 |
| 9 | 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 2 | 1 | 8 |
| 1 | 8 | 6 | 9 | 4 | 2 | 3 | 5 | 7 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

**GELGJAN**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ**

Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




### SPAKMÆLI DAGSINS

„Ég ætla ekki að verða einhver sem ég vil ekki verða.“

*Kristen Bell.*

### KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** fangi, **6.** í röð, **8.** sigti, **9.** sigað, **11.** tveir eins, **12.** fugl, **14.** nautnalyf, **16.** tónlistarmaður, **17.** dvelja, **18.** drulla, **20.** gangþófi, **21.** fimur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** botnfall, **3.** klaki, **4.** Rómaní, **5.** háttur, **7.** súla, **10.** ósigur, **13.** tala, **15.** masa, **16.** kóf, **19.** slá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gísl, **6.** rs, **8.** sía, **9.** att, **11.** gg, **12.** trana, **14.** ópíum, **16.** kk, **17.** una, **18.** aur, **20.** il, **21.** frár.
**LÓÐRÉTT: 1.** hrat, **3.** ís, **4.** Sígauni, **5.** lag, **7.** strókur, **10.** tap, **13.** níu, **15.** mala, **16.** kaf, **19.** rá.

### SKÁK

**Gunnar Björnsson**

